
Desember 2020

Akureyri



RIT FO RM

Eflum norðlenska jólaverslun

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA Í YFIR 30 VERSLANIR OG VEITINGASTAÐI Á GLERÁRTORGI.

PANTAÐU GJAFAKORT Á GLERARTORG.IS





Á skíðin fyrir jólin

■ **Brynjar Helgi Ásgeirsson, nýráðinn forstöðumaður í Hlíðarfjalli.**

Við stefnum að því að opna 17. desember. Við erum frekar bjartsýn miðað við veðurskilyrðin eins og þau hafa verið. Við höfum verið að framleiða snjó síðan um miðjan nóvember en höfum þurft að stoppa þegar hefur hlýnað. Það getur hins vegar hjálpað okkur því þegar við fáum hlýju og svo aftur frost þá fáum við betri bindingu í snjóinn," segir Brynjar Helgi Ásgeirsson, nýráðinn forstöðumaður í Hlíðarfjalli.

Hann segir að allt verði gert til þess að opna fyrr en inn í það spili ýmislegt, m.a. sóttvarnatakmarkanir yfirvalda. „Þetta tekur tíma. Við þurfum að búa til mikinn snjó til þess að geta troðið hann niður til þess að hægt sé að skíða á honum," segir Brynjar Helgi sem vonast til að geta opnað svæðið fyrr fyrir gönguskíðafólk.

Nýja lyftan í notkun í febrúar

Skíðaiðkendur bíða spenntir eftir því að ný skíðalyfta sem hefur verið sett upp í Hlíðarfjalli verði tekin í notkun. „Nýja lyftan er að mestu leyti klár. Hún er komin upp en það á eftir að gera öryggisprófanir af eftirlitsaðila í samráði við framleiðanda. Þær verða ekki gerðar fyrr en í febrúar. Heimsfaraldurinn hamlar svolítið för manna en það má segja að allt sé tilbúið fyrir öryggisprófun," útskýrir Brynjar Helgi sem hefur fengið fjölmargar fyrirspurnir um nýju lyftuna.

Vegna þess hversu hátt nýja lyftan fer þurfti að setja upp svokallaðan sprengiturn í Hlíðarfjalli, þann fyrsta á Íslandi. „Lyftan er um 1100 metrar á lengd og fer í 1000 metra hæð og er því á snjóflóðasvæði. Hún fer upp í dalinn okkar sem er eitt skemmtilegasta skíðasvæðið. Vinna er hafin við að setja upp sprengiturninn til að koma af stað flóðum áður en þau skapa hættu. Á svæðinu eru þrír starfsmenn sem staðist hafa próf og öðlast tilskilin réttindi til að stýra turninum," segir Brynjar Helgi en starfsmenn Köfunarþjónustunnar sáu um uppsetningu á sprengiturninum á toppi Hlíðarfjalls.

Brynjar Helgi segir spennandi tíma fram undan. „Það er mjög margt að gerast á sama tíma en þetta er bara ferli sem tekur tíma og er mjög spennandi. Af því að við erum að fara með lyftuna í þessa hæð og erum að setja upp þennan sprengiturn þá eru kröfurnar á okkur sem skíðasvæði orðnar miklu meiri. Þess vegna verður að vanda vel til verka," segir Brynjar Helgi að lokum.

hlidarfjall.is



Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Kaupmannafélag Akureyrar.
Útgáfustjóri: Valþór Hlöðversson.
Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson, (ábm).
Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.
Forsíðumynd: Hólmgeir Karlsson.
Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir. inga@ritform.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.
Dreifing: Íslandspóstur, desember 2020.
Rafræn útgáfa af blaðinu er á ritform.is

RITFORM

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

Gott til endurvinnslu



Gefðu betri húð

Glæsilegar gjafaöskjur í jólapakkann

Íslensku verðlaunavörurnar frá Chitocare *beauty* innihalda lífvirka efnið kítósan sem verndar húðina og hentar vel á allar húðgerðir, einnig exemkennda og viðkvæma húð. Gefðu betri húð um jólin.

Frí sending á chitocare.is

Fæst í öllum helstu apótekum, Hagkaup, Mynto.is, Vorhús og Maí

Norðlensk hönnun og framleiðsla

ChitoCare beauty er framleitt af Primex á Siglufirði og allar umbúðir og markaðsefni er hannað af auglýsingastofunni Blek í Hafnarstræti á Akureyri.

blek blekhonnun.is



■ **Atli Örvarsson stjórnar hljómsveit í upptökum í Hofi. „Ég vil koma bænum á kortið sem stað þar sem fólk utan úr heimi og alls staðar að af landinu vill koma og vinna við tónlist," segir hann.**

Gleymdi að segja konunni frá Grammy tilnefningu!

Þetta er mikill heiður og auðvitað áfangi sem maður fagnar," segir tónlistarmaðurinn Atli Örvarsson sem fyrir stuttu var tilnefndur til Grammy verðlauna fyrir tónlistina í kvikmyndinni Eurovision: The Story of Fire Saga. „Ég gleymdi reyndar að segja konunni minni frá tilnefningunni. Við vorum á Zoom-fundi með fjölskyldunni hennar og þau óskuðu mér til hamingju. Þá spurði konan mín: „Varstu að fá Grammy tilnefningu?"," segir Atli hlær.

Atli bjó í Bandaríkjunum í 22 ár þar sem hann hefur náð langt sem tónskáld fyrir sjónvarpsþætti og kvikmyndir. Hann hefur búið á Akureyri síðan 2015 ásamt konu sinni, Önnu Örvarsson, og tveimur börnum. Anna á og rekur búðina Fjord í Skipagötu á Akureyri.

Aldrei verið meira að gera

Anna og Atli hugðust flytja frá Los Angeles, þar sem þau bjuggu, eftir að þau eignuðust börnin tvö. Þau könnuðu ýmsa möguleika um alla Evrópu. „En svo á endanum komumst við að því að það sem við vorum helst að leita að var fjölskyldan. Móðir mín og systkini búa hérna á Akureyri, þannig að einhvern veginn féllu öll vötn hingað," segir Atli.

Hann neitar því ekki að hafa haft áhyggjur af því hvaða áhrif flutningarnir myndu hafa á vinnu hans. „Ég veit hins vegar ekki hvort það er tilviljun eða helgist af því að koma hingað en í raun hefur hið gagnstæða gerst. Það hefur aldrei verið meira að gera," segir Atli en flest verkefni hans eru í Bandaríkjunum sem hann vinnur í fjarvinnu frá Akureyri.

Akureyri verði tónlistarbær

Atli hefur það að markmiði að gera Akureyri að tónlistarbæ á heimsvísu og telur engin takmörk fyrir því hversu langt er hægt að ná. „Það verið að taka hér upp tónlist fyrir kvikmyndir, sjónvarpsþætti og tölvuleiki næstum því í hverri viku. Ég vil koma bænum á kortið sem stað þar sem fólk utan úr heimi og alls staðar að af landinu vill koma og vinna við tónlist," segir Atli og bætir við að ungir tæknimenn og tónskáld flytji nú til Akureyrar vegna þeirra tækifæra sem eru í boði.

Sjálfur er Atli að semja tónlist fyrir sex sjónvarpsseríur auk þess að vinna að nokkrum kvikmyndum. Nýverið stofnaði hann líka fyrirtækið INNI sem vinnur að því m.a. að koma tónlist ýmissa höfunda til annarra flytjenda eða kvikmynda- og sjónvarpsframleiðenda.

Þá gaf hann út sína fyrstu sólóplötu í sumar sem heitir You Are Here. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég sest niður til að semja tónlist, tónlistarinnar vegna. Þetta er allt tekið upp hérna, m.a. með Sinfoniu Nord í Hofi og heima í hljóðverinu mínu.Akureysk heimaframleiðsla," segir Atli sem er strax byrjaður að vinna í næstu sólóplötu.

Myndbandið leynist á netinu

Hann segist ekki vera mikið jólabarn. „Ég er samt að vinna í því og ætla núna að reyna að rækta jólabarnið sem aldrei fyrr," segir Atli en hans framlag til jólanna hingað til er jólalag Stuðkompanísins. „Það hljómar enn og börnin mín hafa mjög gaman að því að horfa á myndbandið sem leynist einhvers staðar á netinu," segir Atli og hlær.

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG



Jólagjafir í úrvali

Sjá afgreiðslutíma verslana í desember
á husa.is

Hreint ræstingar á Akureyri

Bjóða þjónustu við sótthreinsun

Þetta eru krefjandi tímar en við erum mjög stolt af okkar starfsfólki. Það er í framlínunni í þessari baráttu og við upplifum að virðingin sé að aukast gagnvart þessu fólki og þeirra starfi, sem við fögnum mjög," segir Eydís Björk Davíðsdóttir, svæðistjóri Hreint ræstinga á Norðurlandi, um störf þeirra á tímum heimsfaraldurs. „Til að mæta þörfum viðskiptavina var sett á laggirnar ný þjónusta við sótthreinsun með sérþjálfuðu starfsfólki. Eftirspurnin og ánægjan með þjónustuna hefur verið mikil og það er jákvætt að við getum bætt við okkur starfsfólki í þessu árferði."

Hreint fékk nýverið viðurkenningu frá Creditinfo fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki 2020, sjötta árið í röð. Þá fékk Hreint einnig viðurkenningu frá Viðskiptablaðinu og Keldunni fjórða árið í röð fyrir að vera fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri 2020. „Viðurkenningarnar staðfesta góðan árangur Hreint og frábæra vinnu starfsfólksins. Það eru ekki mörg fyrirtæki sem hafa verið rekin á sömu kennitölunni síðan 1983 og geta státað af því að vera með framúrskarandi rekstur sex ár í röð," segir Eydís.

Gott orðspor

Hún segir að starfsemi Hreint á Akureyri sé alltaf að aukast. „Við höfum nýverið tekið við ræstingum hjá Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar og það er gleðilegt. Þar hefur gengið vel og frábært að starfa með ráðamönnum sem eru til fyrirmyndar á svo margan hátt, m.a í umönnun aldraðra og samskiptum. Gott orðspor hjálpar okkur bæði við að ráða gott fólk og laða að okkur nýja viðskiptavini," segir Eydís.




■ **Eydís Björk Davíðsdóttir, svæðistjóri Hreint ræstinga á Norðurlandi, segir orðspor fyrirtækisins vera gott á Akureyri.**


Um þessar mundir er Hreint að setja á markað nýjar vörur sem hafa sprungið út í heimsfaraldrinum, vörur sem kallast NanoSeptic og hafa verið í þróun síðan 2012. „Þetta eru sjálfhreinsandi snertifletir sem hreinsa sig af vírusum og bakteríum en vörurnar byggja á grænni efnafræði og nanotækni. Vörurnar hefur verið sannreyndar með tugum sjálfstæðra rannsókna víða um heim. Þær eru m.a. í notkun hjá bandaríska varnamálaráðuneytinu og á Heathrow flugvelli í London. Þetta er mjög spennandi viðbót við okkar þjónustu og frábært að geta boðið viðskiptavinum og öðrum upp á þetta til að bæta við sínar sóttvarnaraðgerðir," segir Eydís að lokum.

hreint.is


JÓL, SPIL & STUÐ!



Toppling Tower
Verð: 3.999.-



Escape From The Casino of Chaos
Verð: 2.899.-



Risaeðlu krufning
Verð: 2.999.-




Burger Balance
Verð: 3.999.-



Hats Away
Verð: 3.199.-



Tic Tac Toe - Mylla
Verð: 2.139.-



Skák
Verð: 4.499.-



Battle Fleet
Verð: 2.999.-



Bingóvél
Verð: 2.289.-

JÓLASVEINAR MÆTA 12.DES!

Komdu við kl 16:00 og
vertu með í jólastemmningu!



Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Bruggsmiðjan Kaldi

„Eins og flókinn IKEA skápur“

Bruggsmiðjan Kaldi hóf framleiðslu á bjór í dósum fyrr á þessu ári og hefur sú nýjung mælst vel fyrir. Fyrstu dósirnar komu á markað í júlí og hefur þeim verið vel tekið. Nú hafa þrjá tegundir verið fáanlegar í dósum; Ljós-Kaldi, Sumar-Kaldi og Jóla-Kaldi. „Ef við tökum Ljósan-Kalda, til dæmis, sem hefur einungis verið í gleri hingað til, þá hefur dósasalan hefur nánast jafnað söluna á glerinu. Það er bara hrein viðbót og annar markhópur sem vill fá bjórinn í dós,“ segir Sigurður Bragi Ólafsson, verkstjóri og yfirbruggari Bruggsmiðju Kalda.

Framleiðsla á Kalda í dós átti að hefjast í vor en frestaðist vegna heimsfaraldursins. „Það átti að koma fimm manna teymi frá Ítalíu og tveir frá Bandaríkjunum en það komst enginn vegna Covid. Þannig að við fengum að leysa úr því sjálf hérna. Þetta var eins og flókinn IKEA skápur,“ segir Sigurður en verkið tók um þrjár vikur. „Þetta gekk furðu vel miðað við hversu mikil búnaður þetta er.“

Fleiri tegundir í dósum á nýju ári

Sigurður segir að fleiri tegundir verði seldar í dósum í framtíðinni. „Við reiknum með að Kaldi-Lite gæti komið á markað í dósum,“ segir Sigurður og bætir við að New England IPA bjór frá Bruggsmiðjunni, sem hefur hingað til einungis verið seldur á dælum, gæti einnig farið á markað í dósum.

Jóla-Kaldi kom í verslanir í byrjun nóvember en hann var fyrst seldur árið 2008. Hann hefur alltaf verið gríðarlega vinsæll jólabjór, líkt og Súkkulaði-Porter sem hefur verið seldur sem jólabjór síðustu fimm ár. „Súkkulaði-Porter er svolítið barnið mitt,“ segir Sigurður en það er einn af hans uppáhalds bjórum frá Kalda.

Sigurður hefur ekki komist yfir það að smakka nema lítinn hluta íslensku jólabjóranna sem eru alls 88 þetta árið. „Þegar Jóla-Kaldi kom inn var hann sjöundi íslenski jólabjórinn í ÁTVR. Nú er ekki lengur hægt að komast yfir að smakka alla jólabjóranna,“ segir Sigurður.



■ Sigurður Bragi Ólafsson, verkstjóri og yfirbruggari Bruggsmiðju Kalda, smakkar á bjórnum.









Bóluefnið kemur milli jóla og nýárs

Bruggsmiðjan Kaldi og Borg brugghús sameinuðu krafta sína til að búa til bjór sem mun koma út milli jóla og nýárs. „Hann mun heita Bóluefnið og er belgískur trippel. Hann verður í 750 ml. flösku með korktappa. Þetta á að vera bjórinn til að kveðja versta ár í manna minnum og þegar klukkan slær tólf á áramótunum þá verður hægt að slá tappann úr flöskunni,“ segir Sigurður en aðeins fara um þúsund flöskur í sölu.

Bjórböð Kalda hafa verið gríðarlega vinsæl undanfarin ár en það þurfti að loka þeim tímabundið vegna sóttvarnarreglna þar sem þau fylgja reglum um baðstaði. „Við munum opna aftur um leið og það verður leyfilegt. Við byrjuðum í vor með rútuferðir frá Akureyri í Bjórböðin sem gekk mjög vel,“ segir Sigurður. „Við erum auðvitað með mjög góðan veitingastað líka sem er opinn og getur fólk tekið matinn með. Við verðum svo með veglegan jólamatseðil í desember.“

bruggsmidjan.is
bjorbodin.is



JMJ og Joe´s eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri



■ Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson á Akureyri, segir kunnugleg nöfn vera á toppi sölulista bóka fyrir þessi jól.

Dagleg heimsending á Akureyri

Jólasveinarnir koma hingað á svalirnar til okkar en þetta er orðinn árlegur viðburður í Pennanum Eymundsson á Akureyri. Þeir mæta laugardaginn 12. desember kl. 16 og eru allir velkomnir," segir Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson á Akureyri.

Að öðru leyti munu samkomutakmarkanir hafa áhrif á viðburði í desember. „Þetta verður óvenjulegt. Hjá okkur verða til dæmis engir upplestrar rithöfunda sem jafnan hafa komið og kynnt sínar bækur síðustu ár," segir Guðný.

Hún segir að mikil aukning hafi orðið í vefverslun að undanförnu. „Við sjáum það greinilega að fólk verslar meira á netinu núna. Við erum líka með heimsendingu kl. 16-17 innan Akureyrar og ef verslað er fyrir 5000 krónur eða meira þá er heimsendingin frí," segir Guðný.

Kunnugleg nöfn á topplistum

Hún segir að á lista Eymundsson yfir mest seldu bækurnar séu kunnugleg nöfn. „Þetta eru Ólafur Jóhann, Arnaldur Indriða, Yrsa Sigurðar, Auður Ava og Ragnar Jónasson, eins og fyrri ár. Fólk er oft mjög vanafast í bókakaupum. Þannig að þetta er svipað og í fyrra. En það er alltaf eitthvað nýtt, eins og til dæmis Gata mæðranna sem Kristín Marja Baldursdóttir skrifaði," segir Guðný.

Guðný hefur sjálf komist yfir að lesa sjö nýjar bækur. „Við reynum að lesa sem flestar bækur og ég vildi að ég gæti lesið fleiri. Þetta eru hins vegar svo margir titlar að maður kemst ekki yfir þetta og stöðugt eru nýir rithöfundar að dúkka upp," segir Guðný.

Hún segir að þrátt fyrir allt sé heimsfaraldurinn ekki áberandi umfjöllunarefni í bókunum fyrir þessi jól. „Ég held að það sé í einni bók minnst eitthvað á Covid, annars ekki. Svo er önnur þar sem er fjallað um jarðskjálfta á Reykjanesi en sú bók var skrifuð áður en þeir fóru að vekja athygli," segir Guðný að lokum.

penninn.is

Þjónusta alla leið













Takk fyrir frábærar viðtökur!

Við tökum vel á móti viðskiptavinum okkar í nýrri N1 verslun við Glerárgötu og þökkum góðar viðtökur. Einnig hefur verið ánægjulegt að taka á móti fjölmörgum viðskiptavinum sem hafa nýtt sér þjónustu Dropp á Leirunni. Okkar markmið er að veita góða þjónustu alla leið!

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-003495



HÁTÍÐAR 20% AFSLÁTTUR

DORMA HOME sængurföt



Sængurfötin frá Dorma Home eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Þau eru með OEKO-TEX® vottun um að þau séu framleidd án allra skaðlegra efna. Sængurfötin koma í nokkrum mismunandi mynstrum/litum og fást í 3 stærðum.

OEKO-TEX® CONFIDENCE IN TEXTILES STANDARD 100
Tested for harmful substances.
www.oeko-tex.com/standard100

Fullt verð	Fullt verð	Fullt verð
140 x 200 cm: **9.990 kr.**	140 x 220 cm: **11.990 kr.**	140 x 200 cm: **16.990 kr.**
Aðeins: **7.992 kr.**	Aðeins: **9.592 kr.**	Aðeins: **13.592 kr.**

MOOMIN™

Allar MÚMÍN gjafavörur með 15% hátíðarafslætti



Múmín púðaver 50x30 cm
Fullt verð: 4.900 kr.
HÁTÍÐARVERÐ: 4.165 kr.



Múmín púðaver 50x50 cm
Fullt verð: 5.900 kr.
HÁTÍÐARVERÐ: 5.015 kr.



HÁTÍÐAR 15% AFSLÁTTUR

BUFFALO
lyftistóll – rafdrifinn

Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka með skemil. Aðstoðar þig á fætur. Hægt að fá í svörtum, brúnum og dröppuðum lit. Stærð: 84x94 H: 105 cm.

Dormaverð: 179.900 kr.

Aðeins **152.915 kr.**

SCAPA



HÁTÍÐAR 25% AFSLÁTTUR

DÝNA, BOTN, FÆTUR OG GAFL

SEALY BOSTON heilsurúm

Boston City heilsurúmin frá Sealy fást í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 og 200x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tónum af Viva áklæði, dökkum og ljósum. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm	Boston 180 x 200 cm	Boston 200 x 200 cm
Fullt verð: 279.900 kr.	**Fullt verð: 299.900 kr.**	**Fullt verð: 349.900 kr.**
209.925 kr.	**224.925 kr.**	**262.425 kr.**



HÁTÍÐAR 20% AFSLÁTTUR

Frábært úrval af dúnvörum í hæsta gæðaflokki frá Quilts of Danmark og fleiri framleiðendum á 20% hátíðarafslætti

Akureyri
Dalsbraut 1
558 1100

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
www.betrabak.is
www.dorma.is

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Heima er best

» Jólin 2020 «



Gerðu góð kaup i **verslunum** okkar eða á **dorma.is**





HÁTÍÐAR **25%** AFSLÁTTUR

ROMA
svefnsófi

Vel bólstraður og mjúkur click-clack svefnsófi í sterku áklæði sem fæst í 5 mildum, fallegum litum. Hægt er að lyfta höfða- eða fótahluta. Bak er tvískipt; hægt er að leggja annan eða báða hluta niður. Hæð sófa í svefnstöðu er 50 cm og svefnpláss er 120x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **74.900 kr.**

Þú finnur jólabæklinginn á dorma.is

DORMA


Láttu drauminn rætast

Betra BAK

HÚSGAGNA HÖLLIN



■ Svigskíði frá Elan í miklu úrvali.



■ Dalbello skíðaskór eru vel þekktir í skíðaheiminum.

Hornið stækkar með aukinni áherslu á skíði og vetrarvörur

Í þessari stækkun á búðinni verða eingöngu skíði og aðrar vetrartengdar vörur. Veturinn er genginn í garð, snjórinn er að koma og skíðavertíðin að hefjast," segir Sveinn Guðmundsson, kaupmaður í versluninni Horninu við Skipagötu sem á dögunum opnaði 160 fermetra stækkun útivistarverslunar sinnar. Með því segir Sveinn að mikil aukning verði í vöruúrvali og þjónustu í skíðum og öðrum vetrarvörum sem Hornið hefur á boðstólum.

Skíðin og allt í vetarsportið

Helstu merkin eru Elan í skíðum, Alpina í skóm, Rex í skíðastöfum og áburði, Peltonen og Alpina í gönguskíðum, Rottefella í gönguskíðabindingum, Dalbello í skíðaskóm og Scarpa í fjallaskíðum og fjallaskíðaskóm. Allt eru þetta heimsþekktir framleiðendur.

„Hér er mikið úrval af svigskíðum, gönguskíðum, fjallaskíðum, skíðastöfum, skíðaskóm og öðru sem skíðafólk þarf á að halda. Mikið rými þar sem vörurnar fá að njóta sín og þægilegt fyrir viðskiptavini að skoða," segir Sveinn og nefnir þessu til viðbótar úrval af snjóþotum, snjóþrúgum, gönguljós, gönguskó, skíðahjálma, skíðagleraugu og fjölmargt annað fyrir skíða- og útivistarunnendur. Allt tilvaldar jólagjafir.



■ Peltonen gönguskíði. Í versluninni má einnig fá stafi, gönguskíðaskó, áburð og allt sem fylgir skíðasportinu.

Stærri búð – meira úrval

Sveinn segir að stærra húsnæði auðveldi ekki aðeins þjónustu við skíðaunnendur og annað áhugafólk um vetrarsport heldur skapist rými í versluninni sem fyrir var til að auka enn við úrvalið í fatnaði, veiðibúnaði og útivistarvörum.


„Hér er mikið úrval af skíðafatnaði, öðrum útivistarfatnaði, búnaði til útivistar og veiðivörum, svo fátt eitt sé talið," segir Sveinn.

Fyrir þá sem kjósa að versla rafrænt er Hornið með tvær vefverslanir með sínum vörum, annars vegar utivistogveidi.is með sumarvörum og hins vegar skidasport.is með skíðabúnaði og öðrum vetrarvörum.



■ Skíðagleraugu.

skidasport.is
utivistogveidi.is



Joe´s og JMJ eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

Húsgagnahöllin við Dalsbraut

Stútfull verslun af fallegum húsgögnum og smávöru

Við erum með fjölmörg tilboð í öllum verslunum og þau munu standa allt fram til jóla. Hérna er úrvalið mjög mikið þar sem við erum með Húsgagnahöllina, Dorma og Betra bak undir sama þaki. Hér fæst nánast allt sem til þarf til að gera hús að heimili, allt frá leirtaui og annarri smávöru yfir í sófa, borðstofuhúsgögn, hægindastóla og rúm, sem dæmi," segir Ragna Þórisdóttir, verslunarstjóri í Húsgagnahöllinni við Dalsbraut.

Norðlendingar breyta og bæta heimilin

„Þrátt fyrir frekar erfitt ár í samfélaginu hafa Akureyringar og aðrir Norðlendingar aldeilis verið duglegir að breyta og bæta heima hjá sér. Fólk er búið að vera á fullu að gera og græja og höfum við í Húsgagnahöllinni aldeilis fundið fyrir því," segir Ragna. Hún segir að verslun á netinu hafi aukist gífurlega í faraldrinum og eins er mikið um að fólk hringi í verslunina og gangi frá kaupum símleiðis, en þau bjóða fría heimsendingu.



■ **Allt til að gera hús að notalegu heimili.**

Hér fæst rétta gjöfin!

Aðdragandi þessara jóla hefur verið frábrugðinn fyrri árum, en allt kapp er lagt á að aðlagast aðstæðum. „Núna er búðin full af fallegri jólavöru, starfsfólk leggur sig fram við að veita góða þjónustu og við hjálpum fólki að finna hvort heldur er rétta húsgagnið eða réttu gjafirnar. Verið hjartanlega velkomin í Húsgagnahöllina," segir Ragna að lokum.

Húsgagnahöllin á Akureyri er opin virka daga kl. 11-18 og á laugardögum kl. 11-16 en opnunartíminn lengist þegar nær dregur jólum.





■ **Undir sama þaki eru Húsgagnahöllin, Dorma og Betra bak og því hægt að fá á einum stað frá leirtaui og smávöru yfir í sófa, borðstofusófa og rúm.**

husgagnahollin.is



■ **Starfsfólk Húsgagnahallarinnar á Akureyri. Frá vinstri: Ragna Þórisdóttir, Kristinn Helgi Ólafsson og Lilja Björk Ómarsdóttir.**



TOMMY HILFIGER

Halldór Ólafsson

ÚR OG SKARTGRIPIR

GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509

WWW.HALLDORURSMIDUR.IS

JMJ og tískuverslunin Joe´s

Jákvæðnin að leiðarljósi í jólaversluninni

Við höfum alltaf verið bjartsýnir að eðlisfari og haft jákvæðnina að leiðarljósi. Lífið er bara miklu skemmtilegra þannig. Í sögu þessarar verslunar allt aftur til ársins 1956 höfum við séð hæðir og lægðir og ég trúi því að desember verði frábær, skreyttur ljósum og góða skapinu," segir Jón M. Ragnarsson í verslunum JMJ og tískuversluninni Joe's í miðbæ Akureyrar.

Örðruvísi ár og góð sumarverslun

„Þetta verður öðruvísi ár í verslun og tími sem við komum til með að muna en við fylgjum bara þeim reglum sem gilda hverju sinni og leggjum okkur fram eins og alltaf við að þjónusta viðskiptavini og bjóða vandaðan og góðan fatnað fyrir herra á öllum aldri fyrir jólin," segir Jón og bendir viðskiptavinum á að dreifa verslunarferðum sínum vel yfir daginn, hafi þeir möguleika á. Þannig geti allir hjálpast að svo jólaverslun geti gengið greiðlega fyrir sig.

Aðspurður segir Jón að verslunin í sumar hafi verið mjög góð. Mikil umferð ferðafólks til bæjarins og hún hafi skilað sér inn á gólf í búðinni, margir hafi verið að koma í verslunina í fyrsta sinn. Aðrir ekki.

„Einn eftirminnilegasti viðskiptavinurinn frá sumrinu var aldraður maður sem upplýsti mig um að hann hefði síðast keypt föt í JMJ fyrir 57 árum! Það þótti okkur báðum merkilegt," segir Jón hlæjandi.

Allt í boði fyrir herra á öllum aldri

Jón segir að í JMJ og Joe's hafi allt verið orðið klárt í tíma fyrir jólaverslunina; mikið úrval af fatnaði fyrir herra á öllum aldri. Jakkaföt í úrvali, peysur, bolir, skyrtur, sokkar, bindi, buxur og þar fram eftir götunum. Litskrúðug föt fyrir þá sem þau kjósa. Klassískur skyrtukragi eða kínakragi? Köflótt eða einlitt? Allt er í boði.

„Og hér höfum við margra ára reynslu í því að afgreiða pantanir til viðskiptavina út um allt land. Það höfum við gert síðan löngu fyrir tíma vefverslana. Ég hvet viðskiptavini líka til að fylgjast með Facebook síðunum Joe's og JMJ þar sem við erum duglegir að sýna brot af vöruúrvalinu," segir Jón.

facebook.com/jmjakureyri
facebook.com/joesakureyri



Bjartsýnir og brattir afgreiðslumenn í JMJ og Joe's. Frá vinstri: Kjartan Ingvar Jósavinsson Ragnar Sverrisson, Jón M. Ragnarsson og Elvar Máni Ólafsson.


OPNUM 10. DES.
TRYGGVABRAUT 18,
AKUREYRI
FYRIR JÓLABÖRN
Á ÖLLUM ALDRI
Þú finnur jólagjafirnar á elko.is
FRÍ HEIMSENDING
Á SMÆRRI PÖKKUM
YFIR 10.000 KR.

ELKO

Lindex komið í sparifötin

Í þessari björtu og fallegu verslun njóta vörurnar okkar sín enn betur og upplifun viðskiptavina verður enn sterkari að okkar mati. Við erum mjög ánægð með hvernig til tókst og ánægjulegt að bjóða viðskiptavinum í verslunina þó við hefðum sannarlega kosið að geta fagnað þessum breytingum með formlegri hætti. En það gefst vonandi tækifæri til þess síðar," segir Albert Þór Magnússon, annar aðaleigenda verslunarinnar Lindex á Glerártorgi en nú í haust var lokið við endurnýjun á innréttingum verslunarinnar og útliti.

Skandinavískt yfirbragð

Um er að ræða nýja innréttingahönnun Lindex sem ber heitið CLEAN og leit fyrst dagsins ljós við opnun verslunarinnar í London og segir Albert Þór hana byggja á björtum litum með ólíkum litbrigðum hvítra lita í bland við svart og við sem gefi skandinavískt yfirbragð. Viðskiptavinir hafi mun betri yfirsýn, verslanirnar séu bjartar og aðgengilegar. Hann segir verslunina á Glerártorgi með þessum breytingum hafa verið færða í sama stíl og það sem best gerist hjá Lindex með nýjum mátunarklefum, innréttingum, lýsingu og í raun nýrri verslun sem nú er á sjöunda ári á Glerártorgi.

„Jólaverslunin verður auðvitað öðruvísi við þær aðstæður sem eru núna í þjóðfélaginu," segir Albert Þór um vikurnar til jóla. „Það hefur verið ákveðin áskorun að undirbúa jólaverslunina en okkar gæfa er að hafa frábært starfsfólk sem sér til þess að allt gangi upp og að viðskiptavinir fái fyrsta flokks þjónustu eins og alltaf," segir Albert Þór fullur tilhlökkunar að taka á móti gestum Glerártorgs í Lindex til að skoða nýtt útlit verslunarinnar.

Öflug vefverslun

Vefverslun Lindex er mjög öflug og hana nýta margir viðskiptavinir sér núna.

„Við höfum skipulagt okkur þannig að allar vörur sem við höfum að bjóða geta viðskiptavinir fengið afgreiddar í versluninni fyrir norðan. Með því birgðastýringarkerfi sem við rekum að baki vefversluninni sjá viðskiptavinir hennar hvort t.d. vara er til á Akureyri og ef svo er tekst okkur jafnvel að afgreiða hana til viðskiptavinar samdægurs en annars er varan send beint til viðskiptavinar úr netverslun okkar sem einnig hefur tekið stakkaskiptum. Við gerum þannig allt sem við getum til að veita okkar frábæru viðskiptavinum sem allra besta þjónustu, nú sem endranær" segir Albert Þór.



■ **Mikil breyting varð á verslun Lindex á Glerártorgi þegar innréttingar hennar voru endurnýjaðar í haust.**



■ **Bjartari verslun þar sem vörurnar njóta sín vel. „Upplifun viðskiptavina verður enn sterkari en áður," segir Albert Þór Magnússon, annar aðaleigenda Lindex.**


lindex.is

Þetta er AKUREYRI



Það er *eitthvað* við hana


kíktu á www.visitakureyri.is


NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN Á GLERÁRTORGI









ALLIR FÁ ÞÁ EIT

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI **Opnunartími: 3.-11. des.** frá kl. 10- 19 alla virka daga. Lau. frá kl. 10-18 Sun. frá kl. 12-17.










25% afsláttur

THVAÐ FALLEGT

IMPERIAL Akureyri

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI **Opnunartími:** **12.-22. des.** opið alla daga frá kl. 10-22. **23. des.** frá kl. 09-23





Gjörbreytt og glæsileg verslun Imperial opnuð

Tískuvöruversluninni Imperial á Glerártorgi hefur verið umbylt á síðustu mánuðum og var hún opnuð með nýjum innréttingum og útliti í síðustu viku. Í raun er réttara að tala um algjörlega nýja verslun, svo mikil eru umskiptin.

Halldór Magnússon, eigandi Imperial, segist hæstánægður með útkomuna en verkefnið var unnið í samstarfi við fasteignafélagið Eik, eiganda Glerártorgs en útlitshönnun og innréttingar annaðist breska fyrirtækið TP Bennett.

Halldór býður viðskiptavini velkomna í glæsilega verslun sína sem er full af fallegum fatnaði, vöruúrvalið jókst verulega við





breytingarnar og m.a. er mikið úrval af gallabuxum. Þá eru vetrarúlpur frá Icewear einnig ný vara hjá Imperial.

Opið er í Imperial alla virka daga til 11. desember frá kl. 10 til kl. 19. Dagana 12-22 desember verður opið alla daga kl. 10-22 og á Þorláksmessu kl. 09-23.

imperial.is





vfs.is



EIN RAFHLAÐA


+ öll verkfæri fyrir heimilið, bílskúrinn og garðinn

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Akureyrarkirkja í mörgum myndum





Akureyrarkirkja er án efa ein af sterkustu táknmyndum bæjarins. Þetta tilkomumikla og fallega hús teiknaði Guðjón Samúelsson og var kirkjan vígð fyrir réttum 80 árum, þann 17. nóvember árið 1940.

Ekkert hús á Akureyri er myndað jafn mikið og það á jafnt við um gesti bæjarins sem bæjarbúa sjálfa. Einn þeira er Hólmgeir Karlsson, áhugaljósmyndari, sem býr í næsta nágrenni kirkjunnar og hefur tekið fjölda mynda af henni síðustu ár.

„Það er margt sem heillar við Akureyrarkirkju. Í fyrsta lagi staðsetningin sem gerir að verkum að hún sést mjög víða að úr bænum. Í öðru lagi arkitektúr Guðjóns Samúelssonar og svo í þriðja lagi hvernig kirkjan nýtur sín í hvaða birtu sem er og í hvaða veðri sem er. Falleg í snjóbyl, falleg í miðnætursól, falleg í ljósaskiptum. Ef ég ætti að velja einhvern uppáhaldstíma þá finnst mér hún fallegust á nóttunni," segir Hólmgeir.

Orð að sönnu að þetta afmælisbarn Akureyrar er fagurt, hvernig sem á hana er litið og hvenær. Líkt og sjá má í meðfylgjandi myndum Hólmgeirs.













HEIMILIÐ – PARIÐ – HÚN – HANN – UNGLINGURINN – BARNIÐ



OYOY Leopard gólfmotta verð 14.990,-



Mr. Wattson LED lampi
verð 19.990,-



Bialetti, Mokkakanna
f. Span 4 bolla verð 5.990,-



Asa ostahnífar 3 stk. verð 3.990,-



Ritzenhoff heimilisilmur
verð 3.390,-

Þú finnur jólagjöfina hjá okkur

Frí heimsending af öllu sem verslað er í netverslun



Stoff kertastjaki verð 5.750,- stk.



Umage Eos loftljós
Mini verð 14.900,-
Medium verð 20.900,-
Large verð 46.900,-



Specktrum Herringbone spegill verð frá 16.990,-

Specktrum Savanna
round vasi 20,5 cm
verð 6.990,-



Design Letters hálsmen með
tölustaf, gyllt verð frá 11.780,-



Jólatröll verð frá 5.990,-



OYOY Piero jólatré
verð frá 5.590,-



Kartell Battery
borðlampi
verð frá 21.900,- stk.



Kartell Bourgie
lampi mattur verð
54.900,-



Specktrum Harlequin
kanna 1,5 l verð 14.990,-



Rosenthal jólakrús
verð 3.690,-



Stjörnumerkjamynd verð frá 3.990,-



Stelton x Moomin ferðamál
verð frá 4.590,- stk.



Aida Raw brúsi 50 cl
verð 2.790,- stk.



Specktrum Selene
vasi 22 cm verð 6.990,-



Bialetti
mjólkurflóari
verð 8.990,-



Holmegaard
Perfection vínglös
verð frá 2.190,- stk.



Spinning viskíglas
verð 7.490,- stk.



Skagerak Dania kjötbretti
verð frá 12.900,-

Kartell Componibili 3ja hæða
mött hirsla verð 26.900,-





Specktrum, Sky kertastjaki verð 9.990,- stk.



Frandsen Ball veggljós með
USB tengi verð 29.900,-



Rosendahl salt & piparkvörn
verð 8.990,- parið



Robert Welch Radford
tertusett 5 stk. verð 5.990,-



Kähler Hammershoi
vasi verð frá 3.290,-



Kay Bojesen mini api
dökkmáluð eik verð 11.490,-

Skeifunni 8 | Kringlunni | Glerártorgi | Sími 588 0640 | casa.is

Casa á Glerártorgi

Keyrir sjálf út vörur til viðskiptavina



■ Hilda Eichmann, verslunarstjóri Casa í Glerártorgi á Akureyri, sér fram á góðar vikur á næstunni.

Fólk hugsar um jólagjafakaup á allt annan hátt þetta árið og um kaup almennt. Nú eru afskaplega fáir að fara erlendis svo að mjög mikil verslun verður hér heima og flestir eru að skipuleggja jólainnkaup á nýjan hátt. Það byrjaði að aukast hjá okkur strax í október og nóvember kom mjög vel út. Við erum með fjölbreyttar og fallegar vörur og alltaf eitthvað nýtt að koma inn sem gleður augað," segir Hilda Eichmann, verslunarstjóri Casa í Glerártorgi á Akureyri, sem er virkilega ánægð að jólaverslunartímabilið sé að lengjast. „Þá er minna stress og álag á alla."

Stóraukin netsala


Hún segir að áhrif heimsfaraldursins sé að finna víða. „Nú er verslað miklu meira á netinu og hefur heimasíðan okkar, casa.is, verið logandi síðan í haust, póstsendingar og heimkeyrslur," segir Hilda sem hefur sjálf keyrt út vörur að undanförnu.

„Ég er búin að fara með fallegar vörur á ansi mörg heimili hérna á Akureyri. Það er bara skemmtilegt uppbrot á deginum og svo auðvitað þakklátir viðskiptavinir. Gott að vita að þú þarft ekki endilega að fara út úr húsi til að fá vöruna þína alla leið heim," bætir hún við.

Jólastemningin á sínum stað

Hilda er ekki í vafa hvaða vörur eru vinsælastar fyrir þessi jólin. „Ég verð að segja Specktrum línan sem er ofsalega vinsæl og reglulega er að koma nýtt þar inn. Iittala er alltaf á vinsældalistanum ásamt Moomin. Við erum búin að auka aðeins lampaúrvalið sem er alltaf falleg gjöf. Matarstellin og falleg glös eru líka eitthvað sem margir vilja eiga. Gjafavaran frá Heklu er líka mjög vinsæl og einmitt verið að bæta í jólalínuna með kertum, servíettum og viskustykki. Ég get næstum endalaust talið eitthvað upp fyrir þig því við erum einfaldlega með eitthvað fyrir alla," segir Hilda.

Þrátt fyrir allt sem gengur á í samfélaginu sér hún fram á góðar vikur til jóla. „Ég verð að segja að desember 2020 verður ansi sérstakur og öðruvísi stemning. En ég held að hún verði alveg jafn ánægjuleg ef allir vinna saman að því eiga gleðilega jólahátíð. Við getum gert þetta saman og munum seint gleyma árinu 2020," segir Hilda að lokum.



■ Hillurnar í verslun Casa eru fullar af fallegum vörum.

casa.is



Er **Hreint** hjá þér?

ÁRATUGA REYNSLA OG GOTT ORÐSPOR

Við veitum fyrirtækjum og stofnunum sérhæfða ræstinga- og hreingerningaþjónustu og ræstum húsnæði víðsvegar um Ísland, alla daga vikunnar, alla daga ársins.

Fáðu tilboð í þjónustu og komdu í hóp ánægðra viðskiptavina!



Hreint RÆSTING

Senda póst
hreint@hreint.is

Tala við fólk
589 5000

Opið virka daga
8:00 - 16:00

Verslunin Kista

Íslensk hönnun í jólagjöf

Smáverslanir eins og Kista auka fjölbreytnina og vöruframboðið fyrir viðskiptavini og skipta miklu máli fyrir verslunarbæinn Akureyri. Ég hvet fólk þess vegna til að heimsækja okkur og sjá það sem við höfum að bjóða af spennandi vörum," segir Katrín Káradóttir í versluninni Kistu í menningarhúsinu Hofi, einni af litlum sjálfstæðum verslunum í bænum. Kista hefur á undanförnum árum lagt mikla áherslu á að kynna nýja hönnun fyrir viðskiptavinum sínum, bæði innlenda og erlenda.

Íslenskt skart og skrautmunir

Auk þess mikla vöruúrvals sem er í Kistu í Hofi geta viðskiptavinir skoðað og pantað vörurnar í gegnum heimasíðu verslunarinnar á heimasíðu hennar www.kista.is en Katrín segist einnig mikið nota bæði Facebook og Instagram til að kynna vörur og eiga í virku samtali við viðskiptavini.

Sem dæmi um grósku í íslenskri hönnun nefnir Katrín t.d. skartgripi frá Mjöll og my letra. „Hvort tveggja eru ungir hönnuðir sem eru að slá í gegn með frábærum vörum," segir hún. Af öðrum vörum í Kistu nefnir hún skartgripi frá Óskaböndum, Jens, Hring eftir hring, jólalínu af kertastjökum og skrautmunum frá FINNSDOTTIR og margt fleira. „Og síðast en ekki síst eru skinnvörurnar frá Feldi; húfur, treflar, hanskar, lúffur, púðar og meira að segja mokkatöfflur fyrir nýfædda krílið. Jólagjafir fyrir alla stórfjölskylduna!"

Jólakveðjur frá Kistu í Hofi

Jólate Þórhildar

1 líter eplasafi
4 dl. vatn
1 tsk. hunang
5 negulnaglar
1-2 kanilstangir
1 tepoki (Melroses)

Öllu skellt í pott og hitað.



MIFUKO er samvinna hönnuða frá Finnlandi og Kenía um hönnun og framleiðslu á handgerðum körfum.



Akureyrarvinirnir Kolbeinn kafteinn, Tobbi og Tinni í málverki Þrándar Þórarinssonar en eftirprentun þess fæst í Kistu.



Kvenfatalína danska hönnuðarins Ilse Jakobsen nýtur mikilla vinsælda.



Katrín Káradóttir, eigandi verslunarinnar Kistu í menningarhúsinu Hofi.

Frábær kvenlína Ilse Jakobsen

Kista lætur að sjálfsögðu góða hönnun á Norðurlöndunum ekki framhjá sér fara og býður úrval af flottum kvenregnkápum, gúmmístígvélum, jökkum og dúnúlpum frá danska hönnuðinum Ilse Jakobsen sem er orðin heimsþekkt fyrir fatalínur sínar fyrir konur.

„Við fáum nýjar vörur í línu Ilse Jakobsen tvisvar á ári, frábæra hönnun og gæðavörur fyrir okkar íslensku veðráttu og norðlæga veðurfarið," segir Katrín.

Önnur áhugaverð vörulína frá Finnlandi er einnig væntanleg undir merkinu MIFUKO en það er samvinnuverkefni tveggja hönnuða frá Finnlandi og Kenía. Um er að ræða handgerðar körfur sem eru framleiddar undir ströngum reglum Fair Trade og er markmiðið að styðja, efla og kynna frábært handverksfólk í Kenía.

kista.is



ÚTSÖLUSTAÐIR:
JB ÚR&SKART - MICHELSEN ÚRSMIÐIR
GÞ SKARTGRIPIR OG ÚR - MEBA
GEORG V. HANNAH



■ Hrafnhildur E. Karlsdóttir, sölu- og rekstrarstjóri Kristjánsbakarís, við fallegt piparkökuhús í verslun bakarísins við Hrísalund. Í þessu húsi númer 41 við Strandgötu hófst saga bakarísins árið 1912.

Kristjánsbakarí

Handverksbakarí með langa sögu

Laufabrauð er hluti af framleiðslunni á þessum árstíma en fyrst og fremst erum við að framleiða hér brauð og kökur fyrir verslanir á Norður- og Austurlandi, auk framleiðslunnar fyrir okkar eigin brauðbúðir. Bakaríið okkar er verksmiðja með mikla framleiðslugetu en er engu að síður handverksbakarí með öllu sem því fylgir, þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki," segir Hrafnhildur E. Karlsdóttir, sölu- og rekstrarstjóri Kristjánsbakarís á Akureyri.

Góðar vörur og þjónusta lykilatriði

Kristjánsbakarí, sem verið hefur í eigu Gæðabaksturs frá árinu 2016, rekur brauðbúð í bakaríinu við Hrísalund og aðra í miðbæ Akureyrar. Fyrirtækið er eitt af þeim rótgrónustu í iðnaði á Akureyri, var stofnað árið 1912 og hefur alla tíð verið í fremstu röð íslenskra bakaría. Hrafnhildur segir að faraldur síðustu mánaða hafi vitanlega sett mark sitt á reksturinn, sem hafi verið endurskipulagður að undanförnu.

„Við byggjum á þekktum gæðavörum, tækjabúnaði og þekkingu í framleiðslu, góðu starfsfólki og traustum hópi viðskiptavina sem við leggjum okkur fram um að veita sem allra besta þjónustu á hverjum degi. Við höfum að sjálfsögðu fundið fyrir því fyrir því þegar samkomuhald hefur lagst niður á síðustu mánuðum, ferðaþjónustan stöðvast og fólk er mikið heima en erum þess fullviss með hækkandi sól fara hjólin að snúast hraðar á ný. Við erum tilbúin fyrir það," segir Hrafnhildur.

Tertuþjónusta, laufabrauð og netverslun

Í brauðbúðum Kristjánsbakarís er að finna allt sem hugurinn girnist í brauðum og kökum. Fyrirtækið er einnig með tertu- og veisluþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, framleiðir kransakökur, smurbrauðstertur, afmælistertur, brúðartertur og þannig mætti lengi telja. Tilvalið fyrir fjölskylduna um hátíðarnar að panta tertu frá Kristjánsbakaríi en netverslun er einmitt hluti af þjónustu fyrirtækisins. Á síðunni braudgerd.is er hægt að panta brauð og kökur, sem og auðvitað Kristjáns laufabrauðið sívinsæla.

braudgerd.is

Specktrum.

Falleg gjafavara í jólapakkann





The shadow
kertastjaki
7.690,- stk



Color crush
kertastjaki
7.990,-



Color crush
single
kertastjaki
5.590,-



Color crush
twin
kertastjaki
5.590,-



Harlequin
cylinder
karafla
12.490,-



Harlequin
round kanna
14.990,-



Twisted glas 2.490,- stk.




Storm
kertastjaki
9.490,-



Storm
stacked
kertastjaki
19.990,-



Meadow cylinder karafla 7.990,-
Meadow swirl karafla 7.990,-
Meadow glas 3.490,- stk.




Harlequin
bakki 7.990,-



Savanna round
vasi 20,5 cm
6.990,-



Savanna
cylinder
vasi frá
3.990,-



Simplicity line spegill
80 cm 13.990,-
100 cm 19.990,-

Simplicity Oval
spegill 11.990,-



Twisted Round kanna 1,5l
14.990,-



Storm tertudiskur
17.990,-



Specktrum, Sky kertastjaki verð 9.990,- stk.



Meadow Swirl vasi 20 cm – 6.990,-

Casa

Skeifunni 8 | Kringlunni | Glerártorgi | Sími 588 0640 | casa.is



■ Skrautlýsingu í Vaðlaheiðargöngum er ætlað að minnka innilokunarkennd og draga úr umferðarhraða.

Gleðilýsing og norðurljós í Vaðlaheiðargöngum



Við erum með ljóskastara í göngunum og skreytum göngin með þeim. Svo er markmiðið að breyta reglulega um þema sem getur verið skemmtilegt, sérstaklega fyrir þá sem fara oft í gegn," segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga.

„Við byrjuðum að líkja eftir norðurljósunum, vorum með regnbogalitina þegar Gay-Pride var, höfðum göngin bleik í Bleikum-október og svo er hugmyndin að gera eitthvað skemmtilegt um jólin. En það er algengt í dag að löng göng séu hönnuð með skrautlýsingu með ákveðnu millibili. Það er gert til að minnka innilokunarkennd og hefur sýnt sig að það dregur úr umferðahraðanum."

Fjölskyldur eigi ferðir saman

Valgeir segir að fólk sem notar göngin reglulega sé alltaf að átta sig betur á því hvernig megi nýta áskriftarleiðirnar sem eru í boði. „Það er ekkert sem bannar það að fjölskyldur séu saman um einn aðgang því það er hægt að vera með allt að þrjá bíla á einum aðgangi. Þannig er hægt að kaupa saman, 100 ferðir, á bestu kjörunum. Þá er tilvalið að bæta bíl foreldra eða afa og ömmu sem ekki treysta sér sjálf til að sækja app og ganga frá skráningu á veggjald.is. Í gegnum Veggjalds smáforritið eða appið er hægt fá yfirlit yfir allar ferðir, bæta inn og taka bíla út og uppfæra og breyta greiðslukortum," segir Valgeir.

Hann bætir við að vel hafi gengið með smáforritið síðan göngin opnuðu. „Einhverjir höfðu áhyggjur af því að fólk myndi ekki skilja þetta og ekki nota smáforritið eða heimasíðuna til að greiða. Hins vegar sýna tölurnar okkur að aðeins um 5% þeirra sem keyra í gegnum göngin fá rukkun í heimabanka. Þar að auki höfum við ekki heyrt neitt neikvætt um smáforritið frá þeim sem nota það reglulega og það erum við mjög ánægð með," segir Valgeir og hvetur alla þá sem ekki hafa þegar sótt smáforritið eða appið að sækja það og setja upp í snjallsíma sína.

Mikil umferð í sumar

Valgeir segir að árið hefur verið fínt í ljósi aðstæðna. „Við erum ekki í svo slæmum málum miðað við marga aðra þar sem innlendir ferðamenn voru margir í sumar. Uppsöfnuð umferð er nú um 80% miðað við sama tíma í fyrra. Sumarið var mjög gott og fór alveg upp í 95% umferð af fyrra ári. Sem er miklu meira en við bjuggumst við," segir Valgeir.

Hann segir að það muni mikið tekjulega um þá erlendu ferðamenn sem ekki komu í ár en þeir greiddu jafnan fyrir stakar ferðir. „Í dag eru flestir að greiða lægsta veggjaldið og því eru tekjurnar mun minni en þær voru í fyrra en við höfum einnig náð að hagræða í rekstrinum og er rekstrarkostnaður ganganna mun lægri en áætlað var," segir Valgeir.

vadlaheidargong.is

Skíðavörur og allt í útivistina



Búnaður, fatnaður og fylgihlutir

Mikið úrval

VELKOMIN Í STÆRRI OG ENN GLÆSILEGRI VERSLUN



Verslum í heimabyggð

PELTONEN alpina DALBELLO

Rex elan SCARPA

HORNIÐ
www.utivistogveidi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá kl. 10-16
Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri - Sími 461 1516
utivistogveidi@simnet.is - utivistogveidi.is

Tónabúðin á Akureyri

Vefverslunin hefur sprungið út

Vefverslunin hjá okkur hefur aukist mjög mikið síðustu mánuði og hefur algjörlega sprungið út. Fólk er augljóslega heima að versla núna, hvort sem það er í gegnum heimasíðuna okkar, hljodfaerahusid.is eða bara í gegnum síma," segir Trausti Ingólfsson, verslunarstjóri í Tónabúðinni á Akureyri sem er til húsa við Glerárgötu 30.

Öflug vefverslun

Hann segir vefverslun Tónabúðarinnar vera einstaka í þeirra bransa. „Við leggjum mikla áherslu á vefverslunina og reynum að setja allar nýjar vörur á síðuna um leið og þær koma og myndir með. Við finnum að fólk er ánægt með þetta. Svo hefur fólk líka verið duglegt að senda okkur fyrirspurnir í gegnum Facebook-síðuna okkar. Þær vörur sem keyptar eru í gegnum vefverslunina eru sendar frítt í pósthús hvar sem er á landinu ef keypt er fyrir meira en 5.000 krónur í pakka allt að 20 kg," segir Trausti.

Hann segist finna fyrir örlítið breyttum áherslum í því að hvaða vörum fólk leitar. „Búnaður til að taka upp bæði tónlist og einnig tal er vinsæll. Streymi hefur aukist til muna í kófinu og margir eru að búa til spjallþætti og annað og setja á netið sér og öðrum til skemmtunar. Og svo hafa fundir og kennsla náttúrulega færst í stórum stíl yfir á netið," segir Trausti.

Jólagjafir fyrir alla tónlistarmenn

Hann segir að það sé því lítið mál fyrir fólk að finna jólagjafirnar fyrir tónlistarfólk á öllum aldri i Tónabúðinni.

„Vöruúrvalið er mjög mikið hér í búðinni og því ekkert mál að finna frábæra jólagjöf. Við erum með hljóðfæri, hljóðupptökukerfi, búnað til að streyma hljóði og jafnvel mynd og hljóðkerfi frá heimsþekktum framleiðendum. Við erum með Yamaha, Taylor, Ibnez og Fender gítara, Yamaha, Tama og Pearl trommusett, Yamaha og KORG píanó og hljómborð auk fleiri framleiðenda," segir Trausti.

Þá má ekki gleyma hljóðfærum fyrir yngri kynslóðina sem er að stíga sín fyrstu skref. „Við erum með fjölbreytt úrval af fiðlum, blokkflautum, þverflautum og fleiri algengum hljóðfærum í tónlistarnámi yngstu kynslóðarinnar. Ukulele er líka alltaf vinsælt, enda frábær hljóðfæri og oft fyrsta hljóðfærið sem krakkarnir spila á," segir Trausti. Einnig býður Tónabúðin kennslubækur í úrvali fyrir nemendur tónlistarskóla hér á svæðinu og víðar.

Tónabúðin leggur áherslu á sölu hljóðkerfa og myndbúnaðar, hljóðkorta, tónlistarhugbúnaðar, DJ búnaðar, ljósabúnaðar, hljómtækja, magnara, streymisspilara og hátalara. „Hönnun þeirra hljómtækja sem við seljum hvað mest í dag er það flott að þetta passar vel inn í hvaða stofu sem er. Svo eru gæðin líka eins og best verður á kosið," segir Trausti og bendir í þessu sambandi á Naim Muso hljómtækin.

tonabudin.is
hljodfaerahusid.is



■ **Pétur Hallgrímsson og Trausti Ingólfsson í Tónabúðinni við Glerárgötu segja mikla áherslu lagða á vefverslunina hljodfaerahusid.is, auk þess sem viðskiptavinir geta haft símasamband og leyst sín innkaup á þann hátt.**

Ertu með app

fyrir Vaðlaheiðargöng?



APPIÐ:

Með veggjaldsappinu er hægt að skrá bílinn og borga fyrir að keyra í gegnum Vaðlaheiðargöng. Svo er hægt að fylgjast með stöðunni, fá ferðaupplýsingar og sjá stöðuna á fyrirframgreiddum ferðum.

ÞJÓNUSTUVER:

Aðstoð við skráningu ökutækis eða frekari upplýsingar má fá með því að hringja í þjónustuver Vaðlaheiðarganga í **síma 464 1790** eða senda tölvupóst á **veggjald@veggjald.is**

Þjónustuverið er opið virka daga frá kl. 10 til 12

VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG

veggjald.is

Download on the App Store

ANDROID APP ON Google play



Þórhallur - www.effekt.is

Stórverslun Elko opnuð á Akureyri

Stefnt er á að opna nýja og glæsilega verslun ELKO á Akureyri á næstunni en verslunin verður sú fyrsta utan höfuðborgarsvæðisins að frátöldum verslunum ELKO í Leifsstöð.

„Með opnuninni er ELKO að stíga stórt og mikilvægt skref í átt að því að færa þjónustuna ásamt gríðarlegu vöruúrvali nær viðskiptavinum sínum á Norðurlandi en viðskiptavinir hafa margir hverjir beðið lengi eftir þessari opnun," segir Haukur Már Hergeirsson, verslunarstjóri ELKO á Akureyri. Verslunin er staðsett í 1.600 fermetra húsnæði við Tryggvabraut 18, með aðgengi frá Furuvöllum. Verslunarrýmið sjálft er um 1.000 fermetrar og er það hið glæsilegasta, enda sett upp í nýju verslunarútliti ELKO.

Mikil áskorun að opna nýja verslun á þessum tímum

Til stóð að opna verslunina á haustmánuðum en áskoranir hvað varðar afhendingu á húsnæði og samkomutakmarkanir hafa sett strik í reikninginn. „Mikilvægt er að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð á þessum tímum og bíða með opnun þar til ástandið í þjóðfélaginu skánar og rými gefst til fyrir tilslakanir hvað varðar samkomutakmarkanir í verslunum. Eins og staðan er í dag stefnum við á að opna verslunina 10. desember en hugað verður að öllum sóttvörnum, grímuskylda er í versluninni og viðskiptavinir taldir inn, líkt og í öllum öðrum verslunum ELKO," segir Haukur.

Áhersla á vefverslun

Augljóst er að einhverjar samkomutakmarkanir verða við lýði þegar verslun ELKO opnar á Akureyri og því mikilvægt að minna á vefverslunina, elko.is. Þar gefst viðskiptavinum kostur á að velja úr mismunandi afhendingarmáta fyrir Norðurland. Hægt er t.d. að velja milli heimsendingar, að sækja smærri vörur til ELKO á Akureyri eða stærri vörur í vöruhús Samskipa á Akureyri, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Í boði verður frí heimsending á smærri vörum þegar



■ **Haukur Már Hergeirsson, verslunarstjóri, segir tilhlökkunarefni að opna ELKO á Akureyri og taka á móti viðskiptavinum.**



■ **Stór og smá raftæki í miklu úrvali.**



■ **Að sjálfsögðu eru snjallsímar á sínum stað í nýju versluninni hjá ELKO.**

verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira í vefverslun ELKO alveg fram að jólum og er jólaskiptimiði á öllum vörum, sem gildir til 24. janúar.

Stórverslun sem hefur mikil áhrif

„Við hlökkum mikið til opnunarinnar en líkt og annars staðar byggir opnun ELKO á Akureyri á góðri þjónustu og hagstæðum verðum. Það er okkur gríðarlega mikilvægt að byggja upp jákvætt og gott viðskiptasamband við viðskiptavini ELKO til lengri tíma. Einn af þeim þjónustuþáttum sem ELKO leggur mikið upp úr er 30 daga skilaréttur. Með honum geta viðskiptavinir keypt vörur, prófað þær og skilað ef þeir eru ekki fullkomlega sáttir við vöruna. Ég er ekki í vafa um að koma Elko norður yfir heiðar verður mikil lyftistöng fyrir bæinn og komi til með að hafa víðtæk áhrif," segir Haukur Már en tíu starfsmenn verða í fullu starfi í versluninni og má reikna með öðru eins í hlutastarfi.

Sjá nánari upplýsingar um skilarétt á elko.is

elko.is

Tilvaldar jólagjafir



Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

RÚM







Gleðileg jól

















RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími 555 0397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Breyttur opnunartími fram að jólum

Opið alla virka daga frá 09:00-18:00, laugardaga 10:00-16:00, sunnudaga 13:00-16:00

Stærsta tækifæri Akureyrar er uppbygging í verslun og þjónustu

segir Þórhallur Jónsson, formaður Miðbæjarsamtakanna á Akureyri



■ Þórhallur Jónsson, kaupmaður í Pedromyndum er bjartsýnn á að jólaverslunin skili sér þegar upp verður staðið.

Efling verslunar og þjónustu er besta og hraðvirkasta tækið sem við höfum til viðspyrnu í atvinnulífinu hér á Akureyri og þess vegna er í mínum huga mikið fagnaðarefni að sjá þær miklu fjárfestingar sem verið hafa í verslun í bænum undanfarna mánuði og stór verkefni á þessu sviði sem eru framundan. Stærsta sóknarfæri Akureyrar felst í því að verða enn sterkari sem stærsta þjónustumiðstöð Norður- og Austurlands. Því fleiri verslanir sem við fáum, því fleiri þekktar verslanakeðjur sem ákveða að taka þátt í verslun og þjónustu í bænum, því betra. Marfeldisáhrifin skila sér til allra," segir Þórhallur Jónsson, formaður Miðbæjarsamtakanna á Akureyri og kaupmaður í Pedromyndum.

Fjárfesting fyrir milljarða

Þeim sem fylgjast með þróun í verslun og þjónustu á Akureyri síðustu mánuði getur ekki dulist að mikið er fjárfest í greininni í bænum þessi misserin. Stórar verslanir á borð við H&M og Elko hafa opnað, miklar framkvæmdir standa yfir við nýju verslunarmiðstöðina Norðurtorg, verslanir á Glerártorgi og víðar hafa fjárfest í breytingum og nýjum innréttingum og aðrar skipt um húsnæði á árinu. Og ein allra nýjasta fréttin á þessu sviði er nýtt skipulag á svokölluðum Hvannavallareit þar sem áform eru um nýbyggingu matvöruverslunar Krónunnar en það fyrirtæki hefur stefnt að opnun verslunar á Akureyri um árabil. Að auki eru nýhafnar framkvæmdir við nýbyggingu verslunarhúss þar sem Húsasmiðjan, Blómaval og Ískraft verða undir sama þaki. Af þessari upptalningu má sjá að fjárfesting í verslun á Akureyri skiptir milljörðum króna um þessar mundir. Þórhallur segir uppbyggingu og aukna fjölbreytni styrkja verslun og þjónustu, fjölga störfum og efla greinina og bæinn í heild.

„Áhrifin eru þau að fólk verslar meira hér heima, verslunarferðum til höfuðborgarsvæðisins eða út fyrir landsteinana fækkar og á sama tíma laðar þessi þróun fleiri gesti til bæjarins sem nýta sér mikið framboð verslunar, þjónustu, afþreyingar og gistingar. Þjónustusvæði Akureyrar einfaldlega stækkar og styrkist," segir Þórhallur.

Jólaverslunin mun skila sér

Að mati Þórhalls fer ekki hjá því að áhrifa kórónuveirufaraldursins hafi gætt í rekstri verslana á Akureyri, líkt og annars staðar í heiminum. Stærstu bylgjur faraldursins á árinu og hertar reglur þeim samfara hafi gert að verkum að verslanir hafi þurft að grípa til margs konar aðgerða til að þjónusta sína viðskiptavini.

„Bæði inni í búðunum en einnig birtist þetta í aukinni netverslun og fleiru. Þó er þetta misjafnt eftir verslunum og sem dæmi þá finnum við í Pedromyndum ekki fyrir því að heimsóknum hafi fækkað og síðustu vikur hefur fólk komið og pantað sín jólakort eins og venjulega. Mín tilfinning er reyndar sú að jólakortasendingar muni aukast í ár. Samkenndin er greinilega meiri og verður ennþá skýrari í aðdraganda jóla. Hvað varðar verslunina almennt á Akureyri fyrir jólin þá er ég sannfærður um að hún mun skila sér þegar upp verður staðið. Það munar um að fólk hefur lítið sem ekkert ferðast erlendis og minna innanlands. Við sjáum líka að jólaverslunin hefur verið að byrja fyrr undanfarin ár og það er þróun sem var komin til sögunnar löngu fyrir faraldurinn," segir Þórhallur.

pedromyndir.is

Ertu klár í snjóinn?

STIGA



vél sleða fatnaður FXR



snjóflóða búnaður

sleðar frá 14.990



En í ferðalagið?

Gleðilega hátíð!



britax bíl stólar

Njótum samverunnar og verum örugg í umferðinni um jólin.

AB varahlutir
Sjallanum - Akureyri
415 6 415 - akureyri.ab.is

AB VARAHLUTIR

netgíró

pei

JB úr og skart

Jólagjöfin í vefversluninni

Vefverslunin okkar hefur aldrei tekið jafn stórt stökk og síðustu vikur og mánuði. Hún er með fimmfalt fleiri innlit en á sama tíma í fyrra. Þeir sem vilja geta auðveldlega leyst sína jólaverslun með þeim hætti," segir Bjarni Jónsson hjá JB úr og skart við Kaupvangsstræti.

Það sem hugurinn girnist í úrum

„Fólk getur bæði pantað vörur frá okkur í vefversluninni og fengið sendar eða komið hingað í verslunina og sótt pantanir. Svo eru að sjálfsögðu aðrir sem koma í búðina og versla eins og venjulega. Við erum vel undir það búin og fylgjum þeim reglum sem í gildi eru. Við gerum allt til að auðvelda viðskiptavinum okkar jólaverslunina," segir Bjarni.

Í vefversluninni á jb.is er að finna allar helstu vörur verslunarinnar; úr fyrir dömurnar og herrana í merkjum á borð við Tissot, Bering, Rodania, Daniel Wellington og Michael Kors, að ógleymdum tölvuúrum frá Casio sem alltaf höfða til ákveðins hóps viðskiptavina. Og fyrir börnin eru úrin frá Flik Flak litrík og skemmtileg.



■ **Tissot Gentleman, eitt af vinsælustu úrunum frá Tissot í dag.**



■ **Demantshringarnir eru vinsælir trúlofunarhringar.**



■ **Fallegur hringur frá Valdemar Viðarssyni, gullsmið.**

Skartið og trúlofunarhringarnir

Þó úrvalið sé mikið í úrum hjá JB úr og skart þá er það enn fjölbreyttara í skartgripum og gjafavöru. Hringar, hálsmen, armbönd og eyrnalokkar í gulli og silfri og að sjálfsögðu geta elskendur fundið trúlofunarhringana bæði í búðinni og í vefversluninni. Skartgripirnir hjá JB úr og skart eru frá íslenskum hönnuðum á borð við Vera design, SEB jewellery, Hraunlist, gullsmiðunum Valdemar Viðarssyni og Hans Kristjáni Einarssyni. Einnig má nefna úrval af skartgripum frá Rivoir og Saint Maurice og gjafavöru á borð við skartgripaskrín og seðlaveski, skírnarvörur, vekjaraklukkur og margt fleira.

jb.is

Myndalegar jólagjafir



Canon EOS 4000D
Kort og taska fylgir

59.900,-
Verð áður: 64.900,-

Canon PS G7X
Mögnuð vasavél

99.900,-
Verð áður: 109.900,-



Þessi er mögnuð!



Canon EOS 250D



99.900.-
Verð áður: 104.900,-

Námskeið fylgir
4K Video og WiFi

GoPro
HERO 8 BLACK



Klikkuð gæði í jaðarsportið!

69.900,-

Þetta er málið!

instax mini 9
Instant Camera



14.900,-



Sæktu framköllunarappið í appstore og pantaðu myndir og stækkanir til jólagjafa.

www.pedro.is

Pedromyndir
Skipagata 16 • 600 Akureyri • 462-3520



■ Starfsmenn nýrrar verslunar N1 við Glerárgötu. Frá vinstri: Kjartan Fossberg Sigurðsson, Einar Eyland og Ingimar Tryggvason.

Öflug þjónusta N1 á Akureyri

Nýlega flutti verslun N1 í Glerárgötu 36 en hún var áður til húsa við Tryggvabraut. Í nýju versluninni er mikið vöruúrval og boðið upp á alla almenna þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja nýtir sér þjónustu N1 en nefna má að verktakar, aðilar í sjávarútvegi, starfsmenn verkstæða, bændur og iðnaðarmenn eru meðal viðskiptavina.

„Við erum afar ánægð með nýju verslunina, þetta er frábær staðsetning og við finnum fyrir mikilli velvild og ánægju bæjarbúa. Það er virkilega ánægjulegt að bjóða viðskiptavini velkomna í nýju verslunina," segir Einar Eyland, verslunarstjóri N1 verslunarinnar við Glerárgötu.

Fyrir skömmu hóf N1 á Leirunni, í samstarfi við Dropp, afhendingu á vörum sem keyptar eru í netverslunum ELKO, ASOS, Nespresso og fleiri fyrirtækja. Þessi nýja þjónusta hefur fallið vel í kramið hjá Akureyringum.



■ N1 við Leiruveg. Þar eru nú í samstarfi við Dropp afhentar vörur frá fjölda netverslana.

„Viðskiptavinir okkar hafa tekið þessari þjónustu Dropp frábærlega vel enda eru þægindin óneitanlega mikil," segir Axel Grettisson, verslunarstjóri N1 stöðvarinnar við Leiruveg.

Líkt og undanfarin ár hefur N1 séð um dekkjaskipti á öllum stærðum og gerðum bifreiða þegar veturinn bankar uppá. „Törnin gekk mjög vel þrátt fyrir Covid. Tímabókunarkerfi á netinu var notað fyrir allar gerðir bíla og alveg ljóst að það er til mikilla þæginda fyrir bæði viðskiptavini og starfsmenn. Góð aukning var í þjónustu við minni bíla og í sölu á dekkjum og felgum. Einnig eru sífellt fleiri sem nýta sér að geyma sín dekk dekkjahóteli. Það er á kristaltæru að Norðlendingar kunna að meta þá frábæru þjónustu sem veitt er af öflugum starfsmönnum hér í Réttarhvammi," segir Unnsteinn Jónsson, sölustjóri hjólbarðaþjónustu N1 í Réttarhvammi.

n1.is

Jólagjafirnar
í TÓNABÚÐINNI



Yamaha YPT260
Verð: 27.990



Fender, Kala
og Makala Ukulele



Heimastúdíópakkar frá
Presonus og Steinberg



Naim hljómtæki



Rafgítar og bassapakkar



Trommusett frá
Yamaha, Pearl og Tama



Kassagítarar í úrvali
frá Taylor, Yamaha, Fender
og Camps



Dj-vörur frá Numark

Tónlist er fyrir alla

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 | 108 Reykjavík | Sími 4155600
www.hljodfaerahusid.is

Stofnað 1916

TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 30 | 600 Akureyri | Sími 462 1415
www.tonabudin.is

Stofnað 1966



■ Hönnun SiF Jakobs er sívinsæl.



■ Skartgripir eru allaf jafn vinsæl jólagjöf.

Halldór úrsmiður á Glerártorgi

Vefsíðurnar nýtast vel núna

Við seljum mikið af íslenskum skartgripum og tókum t.d. í haust inn nýtt merki eftir Lovísu sem hefur farið vel af stað. Við erum einnig með Sign eftir Inga í Hafnarfirði, hönnun frá Jens, Vera Design, Hraunlist og Alrún. Svo er hún Sif Jakobs alltaf stærst hjá okkur. Hún er auðvitað Akureyringur þó þetta sé danskt fyrirtæki," segir Halldór Halldórsson, eigandi verslunarinnar Halldór Ólafsson úrsmiður á Glerártorgi á Akureyri.

Verslunin hefur náð sér mikið á strik aftur eftir að hafa stöðvast í vor og munar þar nokkuð um að fólk nýtir sér vefverslun og heimsendingu. „Vefverslunin hefur aukist mikið hjá okkur. Þetta er annað árið sem vefsíðan er opin en hún tók við sér í vor og hefur verið þó nokkuð að gera þar," segir Halldór.

Tuttugu ár á Torginu

Hann segir líka að töluvert sé um að fólk kynni sér úrvalið vel á vefsíðunni áður en það kemur í búðina. „Þá koma börnin með foreldrum sínum, svo eru símarnir teknir upp og þá er augljóst hvað var búið að skoða. Vefsíðurnar nýtast vel á þann hátt líka og það hjálpar mikið til," segir Halldór sem hefur staðið vaktina á Glerártorgi frá því það var opnað fyrir 20 árum.

Undanfarin ár hefur jólaverslunin hjá Halldóri úrsmið gengið yfir á stuttum tíma. „Jólaverslunin er mjög stór hluti í okkar grein og stærsti hluti af okkar jólaverslun er síðustu vikuna fyrir jól," segir Halldór.

Einnig er nokkuð um að fólk nýti sér hátíðarnar til þess að biðja kærustunnar eða kærastans og komi til Halldórs til að versla hringa fyrir það. „Ég á von á því að eitthvað verði um það um hátíðarnar eins og alltaf," segir hann að lokum.



■ Harpa Hermannsdóttir, Steinunn Helgadóttir, Halldór Halldórsson og Marit Alavera hafa í nógu að snúast í jólamánuðinum í versluninni.

OPNUNARTÍMI
UM JÓL OG ÁRAMÓT

23.12.	Þorláksmessa	09-18
24.12.	Aðfangadagur	09-13
25.12.	Jóladagur	16-18
26.12.	Annar í jólum	12-16
31.12.	Gamlársdagur	09-13
01.01.	Nýjársdagur	16-18

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



AKUREYRARAPÓTEK

www.akap.is • Kaupangi v/ Mýrarveg • sími 460 9999

Í það minnsta líf í Sjallanum



■ Kristján og Stefán hjá AB varahlutum á Akureyri.

Þó það verði eflaust ekki mikið um hið hefðbundna jóla- og áramótalíf í Sjallanum standa starfsmenn AB varahluta vaktina yfir jólin í þessu sögufræga húsi. AB varahlutir sérhæfa sig í öllu sem viðkemur framkvæmdum og bílnum með öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Góð efnavara, öruggt viðhald, hágæða varahlutir og bílstólar fyrir yngstu farþegana.

Þessi jólin skipta samverustundirnar með fjölskyldunni og öryggi allra líklega hvað mestu máli. „Við tryggjum að allir komist örugglega á milli staða. Hjá okkur er líklega langmesta úrval bæjarins af barnabílstólum, en hjá okkur fást Britax bílstólarnir sem er þekkt sem eitt öruggasta merki í heiminum í bílstólum. Þennan vetur höfum við líka bætt við okkur miklu sem viðkemur samverustundum hjá fjölskyldunni, eins og Stiga sleðum og þotum og meira úrvali en áður af vetrarvörum fyrir vélsleðafólk“ segir Valgeir Andri hjá AB varahlutum.

Billinn getur líka klikkað í desember

„Það er svo ótrúlegt að desember kemur alltaf einu sinni á ári en enn virðist hann koma sumum á óvart. Þessi árstími er mjög þungur fyrir veskið og við erum mikið á ferðinni. Það vill svo þannig til að hlutirnir bila yfirleitt þegar við notum þá mest, eins og t.d. billinn sem klikkar hjá mjög mörgum í desember. Desember er akkúrat tíminn sem þig langar hvað minnst að eiga við óvænt útgjöld, en ef billinn klikkar er lausnin að kíkja í AB. Ég er viss um að við getum aðstoðað þig við að koma bílnum í toppstand án þess að þú þurfir að fresta jólunum. Svo er ég alltaf að reyna að koma fleiri varahlutum í jólapakkana. Það eru svipir sem þú sérð bara einu sinni á ári þegar þínir nánustu opna pakka með splunkunýjum bremsudiskum.“


akureyri.ab.is



5.990 kr



9.900 kr



6.800 kr



69.900 kr



25.900 kr



13.900 kr

13.900 kr

KISTA
MENNINGARHÚSINU HOFI

Þú finnur okkur á facebook,
kista.is eða í síma 897 0555 og við
hjálpum þér að finna réttu gjöfina

Eyjafjarðarsveit

Íbúafjölgun og framkvæmdahugur

Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit áformar að fjárfesta í nýframkvæmdum fyrir um einn milljarð króna á næstu fjórum árum. Lang stærsta einstaka fjárfestingin verður bygging við Hrafnagilsskóla þangað sem Leikskólinn Krummakot mun flytja og tengjast grunnskólanum auk þess sem hönnun húsnæðis mun gera ráð fyrir viðbótarhúsnæði fyrir grunnskólann, bókasafn Eyjafjarðarsveitar og líkamsrækt.

Skólastigin í samtengt húsnæði

„Leikskólabyggingin er í hönnunarferli en við áætlum að framkvæmdaþunginn verði að stærstum hluta á árunum 2022 til 2024," segir Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar. Hann segir mikilvægt að gera úrbætur í húsnæðismálum Leikskólans Krummakots sem er nánast fullsetinn en í vor stefnir í að biðlistar myndist eftir leikskólarýmum.

Íbúum er að fjölga í Eyjafjarðarsveit og er við því búist að íbúafjöldi sveitarfélagsins fari senn yfir 1100 manns sem yrði hæsta íbúatalan frá upphafi. „Fjölgun íbúa fylgir fjölgun barna á báðum skólastigum. Þessi þróun skýrist bæði af stækkun Hrafnagilshverfis, íbúðabyggingum víðar í sveitarfélaginu og einnig sjáum við að það eru víða kynslóðaskipti í rekstri bújarða," segir Finnur Yngvi.

Eyjafjarðarbraut færð úr Reykárhverfi

Mikið hefur verið byggt í Bakkatröð, nýjasta hluta Hrafngilshverfis, að undanförnu, bæði raðhús og einbýlishús en svæðið var á sínum tíma hannað fyrir 37 einbýlishús. Sveitarfélagið mun ljúka gatnagerð í Bakkatröð á næsta ári og stefnir á að síðustu 8 lóðirnar í hverfinu verði byggingarhæfar næsta sumar.

„Nýbyggingar í Hrafnagilshverfi að undanförnu eru ein af skýringunum á íbúafjölguninni í sveitarfélaginu og hún mun halda áfram á komandi árum því mikil ásókn er í lóðir í hverfinu," segir Finnur Yngvi. Stór framkvæmd er í burðarliðnum við Hrafnagilshverfi á næsta ári á vegum Vegagerðarinnar en flytja á Eyjafjarðarbraut vestari út úr hverfinu og gera nýjan veg austan hverfisins, þ.e. á bakka Eyjafjarðarár að Miðbraut.

„Þessi framkvæmd Vegagerðarinnar gerir okkur kleift að endurskipuleggja Hrafnagilshverfi, sem er stærsta þéttbýli sveitarinnar, í heild sinni, þétta byggðina og þannig mun verða til nokkur fjöldi góðra byggingarlóða til úthlutunar í hverfinu á næstu árum. Sú skipulagsvinna er þegar hafin og er mjög spennandi," segir Finnur Yngvi.

esveit.is



■ **Stærsta fjárfesting sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar á næstu árum verður bygging við Hrafnagilsskóla þangað sem Leikskólinn Krummakot mun flytjast og tengjast grunnskólanum.**


Velkomin tit Akureyrar
við tökum vel á
móti ykkur!
WC
Sundlaug
Lystigarður
Listagil
Tjaldsvæði
Tourist Informatio
#loveakureyri
Kaupmannafélag
Akureyrar

Allt á einum stað

Sumarið var mjög gott og mögulega eitt það besta sem við höfum séð á Glerártorgi enda var fólk mikið á ferðalagi um landið," segir Davíð Rúnar Gunnarsson, markaðsstjóri verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs og nefnir sem dæmi að hvítasunnuhelgin hafi verið ein sú stærsta í sögu hússins.

Hann segir að tíminn hafi líka verið nýttur vel til að gera nýja hluti. Dæmi um það er nýtt merki Glerártorgs. „Hugmyndin var að hafa aðeins léttara og skemmtilegra yfir þessu. Við vildum samt halda í hjartað sem hefur einkennt Akureyri undanfarin ár," segir Davíð Rúnar en það var auglýsingastofan ENNEMM sem hannaði merkið.

Kvöldopnun og viðburðir

Breyttar aðstæður í samfélaginu hafa kallað á breytt fyrirkomulag á Glerártorgi. „Við höfum þurft að breyta aðeins um taktík. Við höfum reynt að forðast hópamyndanir eins og hægt er. En við viljum samt gera það sem við getum fyrir gesti okkar og höfum verið með ljósmyndasýningar og kynningar að undanförnum," segir Davíð Rúnar.

Hann segir að ástandið hafi haft áhrif á jólaundirbúninginn í húsinu. „Við gerum allt sem við getum til að vera með meira líf í húsinu fyrir jólin. Við gátum ekki gert mikið úr því þegar við kveiktum á jólatrénu en ætlum að reyna að gera eins mikið og við getum við gert fyrir krakkana í desember og vonandi verða einhverjir jólasveinar á ferð hérna þegar líður nær jólunum," bætir Davíð við.

Kvöldopnun Glerártorgs fyrir jólin hefst þann 16. desember en frá og með þeim degi verður opið í verslunum til kl. 22. Kvöldopnunin mun standa að Þorláksmessu en þann dag verður opið til kl. 23. Á aðfangadag verður Glerártorg svo opið á milli kl. 10-12.

Snjallskápur og gjafakort

Aukning hefur verið í sölu á gjafakorti Glerártorgs að undanförnu.



■ **Davíð Rúnar Gunnarsson, markaðsstjóri Glerártorgs, segir að allt verði gert til að hafa sem mest líf í húsinu fyrir jólin.**



■ **Snjallskápur í einum af inngöngum verslunarmiðstöðvarinnar auðveldar viðskiptavinum að nálgast hvenær sem er vörur sem þeir kaupa í gegnum vefverslanir eða síma í verslunum í húsinu.**



■ **Jólatréð er á sínum stað á Glerártorgi og verslanir komnar í jólabúninginn.**

„Þetta er þægilegur kostur sem nýtist fólki vel. Fyrirtækjaeigendur hafa einnig mikið nýtt sér þennan möguleika enda þægilegt að fá á einum stað gjafakort sem gildir í yfir 30 verslanir," segir Davíð. Gjafakortin koma í fallegri gjafaöskju og eru því tilbúin beint undir tréð eða fyrir jólasveinana í skóinn.

Auk þess geta viðskiptavinir Glerártorgs nú sótt vörur sem eru keyptar í gegnum síma eða í vefverslunum í svokallaðan Snjallskáp sem er opinn allan sólarhringinn og staðsettur við innganginn hjá Arion banka. „Snjallskápurinn virkar þannig að viðskiptavinir fá kóða sendan í símann og þegar hann er notaður í skápnum opnast sjálfkrafa hólf þar sem varan er geymd. Það er einmitt hægt að finna allar vefverslanir Glerártorgs á heimasíðu Glerártorgs, einnig fréttir úr húsinu og upplýsingar um það sem er á döfinni," segir Davíð Rúnar.

glerartorg.is

KEA

Bragðið sem býr til jólin

Þegar kemur að jólasteikinni koma málamiðlanir ekki til greina. Þess vegna stólar fólk á Norðlenska því þannig gengur það að gæðunum vísum. KEA hamborgarhyggurinn er sérlega safaríkur, bragðgóður og úr fyrsta flokks hráefni.



BEINT FRÁ ÍSLENSKUM BÆNDUM

NORÐLENSKA

– VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

ÁRNASYNIR



■ Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar. „Við erum að dreifa jólagjafahandbókinni okkar þessa dagana og þar eru margr hugmyndir að jólagjöfum.“



■ Jólaseríur hafa bókstaflega runnið út.

Húsasmiðjan og Blómaval

Jólaljós og skreytingar í úrvali

Jólin komu hingað í Húsasmiðjuna með trukki því Akureyringar ákváðu þetta árið að skreyta húsin sín mun fyrr en venjulega til að slá á skammdegisdrungann. Hér hefur verið gríðarleg sala í jólaljósum enda bærinn upplýstur og fallegur eins og best verður á kosið. Eins og Norðlendingar vita eru bæði Húsasmiðjan og Blómaval nú undir sama þaki og þess vegna er hér að finna frábært úrval af jólavörum og skreytingum fyrir jólin,“ segir Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akureyri.

Hinn sanni jólaandi

Við spyrjum Kristínu Dögg hvort sóttvarnaraðgerðirnar hafi mikil áhrif á verslunina. „Auðvitað eru verslunarhættirnir öðru vísi en í venjulegu ári en við verðum ekki vör við samdrátt nema síður væri. Það stefnir nefnilega í góða jólaverslun. Vefverslun hefur aukist gríðarlega og svo er hitt að þetta árið förum við Íslendingar ekki til útlanda að versla fyrir jólin sem kemur versluninni hér heima til góða. Margir koma einnig í búðina til okkar og mér finnst alveg aðdáunarvert hvað bæði viðskiptavinir og starfsfólkið okkar taka þessu öllu vel og af mikilli þolinmæði. Við þurftum að skipta búðinni upp í fjögur sóttvarnarhólf og hefur gengið afar vel að láta það allt saman ganga upp. Akureyringar eru greinilega vel meðvitaðir um að við þurfum sameiginlega að vinna okkur í gegnum þetta undarlega ástand sem veiran hefur skapað. Með því hugarfari undirbúum við jólin núna og það er líka hinn sanni jólaandi.“

Verkfæri í jólapakkann

Kristín Dögg segir að í bæði Húsasmiðjunni og Blómavali sé gríðarlegt úrval af hvers konar jólavörum. „Í Blómavali erum við farin að sjá jólastjörnur fylla blómaborðin og greniilminn leggur um allt húsið og skapar hann yndislega stemningu á aðventunni. Við erum einmitt að dreifa jólagjafahandbókinni okkar þessa dagana og þar eru fjölmargar hugmyndir að gjöfum í jólapakkann. Hér er mikið úrval smærri raftækja eins og kaffivéla, brauðrista og vöfflujárna og þeir sem binda vonir við stóran jólapakka gætu alveg eins átt von á þurrkara eða ísskáp undir jólatréð. Hver veit? Þá má ekki gleyma því að Húsasmiðjan er landsþekkt byggingavöruverslun og um leið fagverslun iðnaðarmannsins. Hér er því auðvelt að finna jólagjöfina fyrir það handlagna fólki sem þarf á góðum verkfærum að halda.“



■ Jólaland Húsasmiðjunnar á Lónsbakka.

Nýtt hús í byggingu

Á dögunum var frá því skýrt að Húsasmiðjan hefði hafið framkvæmdir við nýtt verslunarhús við Freyjunes á Akureyri. „Já, þar eru framkvæmdir hafnar og stefnt er á að Húsasmiðjan og Blómaval flyti í 5000 m² glæsilegt verslunarhúsnæði síðla á næsta ári. Þar verður einnig raflagnafyrirtækið Ískraft sem er hluti af samstæðu Húsamiðjunnar og leiðandi fyrirtæki í sölu raflagna- og lýsingabúnaðar til rafverktaka, rafvirkja og iðnfyrirtækja. Það verður spennandi að taka þátt í þessum undirbúningi og við hlökkum öll til að taka á móti viðskiptavinum okkar á nýjum stað fyrir næstu hátíðir að ári,“ segir Kristín Dögg að síðustu.

husa.is

Rúbín

JÓLA KAFFI

Fínmalað og kaffibaunir

Jólin eru tíminn til að leyfa sér það besta,
Rúbín jólakaffið er sannkallaður munaður
og hreinn unaður að njóta.



Jólakaffi á sér langa sögu, eða allt frá árinu 1955. Kaffið hefur verið framleitt fyrir hver jól í takmörkuðu magni við miklar vinsældir.

Útlit á umbúðunum er nánast óbreytt frá fyrstu tíð og fangar jólaandann.

KAFFIBRENNSLAN AKUREYRI



■ Gaman saman í sumarbúðunum í Reykjadal.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Sala Kærleikskúlunnar og jólaóróans skiptir öllu máli

Sem fyrr aflar Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra fjár nú fyrir jólin með sölu Kærleikskúlunnar og jólaóróans. Allur ágóði Kærleikskúlunnar rennur til sumarbúða SLF í Reykjadal í Mosfellsdal en á liðnu sumri rak Styrktarfélagið einnig sumarbúðir í fyrsta sinn í Skagafirði sem sem Margréti Vala Marteinsdóttir, forstöðumaður sumarbúðanna í Reykjadal, vonast til að starfræktar verði á nýjan leik á komandi sumri.

Sumarbúðir í Skagafirði í fyrsta sinn

„Sala Kærleikskúlunnar skiptir rekstur sumarbúða okkar öllu máli. Alla jafna erum við að bjóða 250 börnum og ungmennum að koma til okkar í sumarbúðirnar í Reykjadal við Mosfellsbæ en í sumar bættust 170 við, þar af 60 í ævintýrabúðunum í Skagafirði sem Margrét Vala segir að hafi tekist afar vel. Í heild komu að þessu starfi rúmlega 90 starfsmenn þannig að þetta er líka mjög atvinnuskapandi verkefni fyrir ungt og kraftmikið fólk á framhaldsskóla- og háskólaaldri," segir Margrét Vala.

Sumarbúðirnar í Reykjadal eru reknar í 11 vikur á sumri og búðirnar í Skagafirði voru reknar í 6 vikur í sumar en stefnt er að því að tíminn verði lengri ef tekst að ná endum saman til að opna þær á nýjan leik í sumar. „Okkar eindregni vilji er að reka aftur ævintýrabúðir í Skagafirði og við erum mjög vongóð um að það takist. Góð sala Kærleikskúlunnar getur hjálpað okkur að ná því markmiði," segir hún.

Kærleikskúlan og jólaórinn í sölu

Kærleikskúlan 2020 var gerð af Finnboga Péturssyni, myndlistarmanni, og ber hún nafnið Þögn. Þetta er í átjánda sinn sem Kærleikskúlan kemur út. Hún er til sölu í verslunum um allt land nú fyrir jólin og taka þær ekki þóknun fyrir söluna og styðja þannig við fjáröflunina. Hægt er einnig að panta Kærleikskúluna 2020 á síðunni www.kaerleikskula.is. Önnur stór og árleg fjáröflun Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra fyrir jólin er sala jólaórans með íslensku jólasveinunum, Grýlu, Leppalúða og jólakettinum. Sá fyrsti



■ **Margrét Vala Marteinsdóttir, forstöðumarður Reykjadals, sumarbúða fyrir fötluð börn og ungmenni.**



■ **Ágóði af sölu Kærleikskúlunnar 2020 rennur óskiptur til starfrækslu sumarbúða Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjadal.**



■ **Jólaóróinn Bjúgnakrækir er næstsíðastur í röð jólaóróa með jólasveinunum, Grýlu, Leppalúða og jólakettinum. Allur ágóði rennur til æfingastöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.**

kom út fyrir jólin 2003. Jólaóróinn með Bjúgnakræki í ár er sá næstsíðasti í röðinni en markmiðið með gerð og sölu jólaóróanna er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna. Færustu hönnuðir og skáld landsins hafa lagt Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra lið og gefið vinnu sína við að skapa jólaóróana og semja kvæði. Allur ágóði af sölunni rennur til æfingastöðvarinnar sem Styrktarfélagið á og rekur.

Höfundar jólaóróans Bjúgnakrækis í ár eru Sigurður Oddsson, grafískur hönnuður og Þórdís Gísladóttir, rithöfundur og þýðandi. Bjúgnakrækir er seldur í gjafavöruverslunum um allt land til 17. desember og í netverslun Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á vefslóðinni www.jolaoroinn.is.

slf.is

DESEMBER TILBOÐ Á GJAFABRÉFUM

á Strikið og Bryggjuna



Með hverju **10.000** kr gjafabréfi fylgir **2.500** kr ávísun*

*Gildir á Strikið og Bryggjuna

20% AFSLÁTTUR Á GJAFAKÖRFUM

á KEA kaupdögum, 10. des - 16. des

Pantið í síma: 462-7100 eða tölvupóst: strikid@strikid.is.
Um er að ræða tvær tegundir af gjafakörfum:

Gourmet karfan
~~7.990~~ **6.390**
Grafið lambainnralæri
Grafin gæs
Heimalagað pestó
Kampavíns-hindberja vinaigrette
Hunangs-fíkjusulta
Súrdeigskex
Camembert
Faustino

Lúxus karfan
~~15.990~~ **12.790**
Reykt önd
Grafin gæs
Grafið lambainnralæri
Rjómaostur með karamelluðum rauðlauk
Kampavíns-hindberja vinaigrette
Hunangs-fíkjusulta og hnetur
Sýrður perlulaukur
Dala brie & camembert
Ostakex & súrdeigskex
Lakkrístoppar
Faustino

STRIKIÐ RESTAURANT&BAR
Skipagata 14 | Sími 462 7100 | strikid.is

BRYGGJAN
Strandgata 49 | Sími 440 6600 | bryggjan.is

Tónleikar í Hofi á nýju ári

Tvennir tónleikar í tónleikaröðinni Í Hofi og heim verða í janúar en í þessari fjögurra tónleika syrpu kemur ungt listafólk fram með þeim sem reyndir eru í listinni.
Þann 14. janúar munu Friðrik Ómar og Eik Haraldsdóttir sameina krafta sína og viku síðar, fimmtudaginn 21. janúar, gera Andrea Gylfadóttir og Einar Óli, sem kemur fram undir listamannsnafninu iLo, slíkt hið sama.

Tónleikarnir verða á sviði Hamraborgar fyrir framan gesti í sal og mun fjöldinn takmarkast við gildandi sóttvarnareglur hverju sinni. Tónleikunum verður streymt á mak.is og munu verða aðgengilegir í tvo sólarhringa þar á eftir á vef Menningarfélags Akureyrar.

Víkingur Heiðar á norðurleið

Píanóleikarinn Víkingur Heiðar er á meðal eftirsóttustu einleikara okkar tíma og mun hann halda tónleika í Menningarhúsinu Hofi þann 13. mars næstkomandi. Á tónleikunum mun hann flytja efnisskrá nýju einleiksplötu sinnar sem kom út hjá Deutsche Grammophon fyrr á þessu ári.

Fyrri hluti tónleikanna verður helgaður hljómborðsverkum Claude Debussy og Jean-Philippe Rameau og flytur Víkingur einnig eitt helsta meistaraverk rússneskra tónbókmennta, Myndir á sýningu, eftir Modest Músorgskíj.

Tónleikana átti að halda í Hofi í október en þeim var frestað vegna hertra fjöldatakmarkana. Nú hefur ný dagsetning verið ákveðin og munu þeir sem áttu miða á tónleikana í október halda sínum sætum. Vilji einhverjir miðaeigendur fá endurgreitt er bent á að hafa samband við miðasöluna í Hofi.



■ **Ung listafólk spreytir sig með þeim reynslumiklu í tónleikaröðinni Í Hofi og heim.**



■ **Efnisskrá tónleika Víkings Heiðars í Hofi í mars verður sú sama og á opnunartónleikum Listahátíðar í Reykjavík 2020.**

mak.is



Dalsbraut 1 - Akureyri - Sími 461 2700

Opið: kl. 7 -17 virka daga og kl. 7-16 um helgar

NÝ SENDING

KÓSÝGALLAR

Í JÓLAPAKKANN



VERÐ 12.990
ST:S-XL



VERÐ 12.990
ST:S-3XL

CENTRO

ALLTAF OPIÐ
CENTRO.IS

HAFNARSTRÆTI 97 | 600 AKUREYRI | 461 2747 | CENTRO.IS

Strikið kemur heim til þín

Sem viðbrögð við breyttum aðstæðum útvíkkuðum við og þróuðum heimsendingarþjónustuna á Strikinu og hún hefur fengið mjög góðar viðtökur," segir Heba Finnsdóttir, veitingakona sem rekur veitingastaðina Strikið og Bryggjuna á Akureyri.



■ Heimsendur matur frá Strikinu er uppskrift að ógleymanlegu kvöldi.

Veitingahúsaréttir töfraðir fram í heimaeldhúsinu

„Við ákváðum í haust að setja saman nokkra pakka fyrir heimsendingarþjónustu, auk þess að bjóða allan matseðil staðarins með 20% afslætti í heimsendingu. Smáréttapakkinn hefur reynst vinsælastur af þessum pökkum en síðan finnst mörgum áhugaverður pakki sem heitir „Strikið heim". Það er þriggja rétta flottur matseðill, hráefni hálfelduð þar sem við á og kaupandinn klárar síðan í sínu eldhúsi. Þetta er glæsilegur valkostur fyrir fjölskylduna og alla þá sem vilja hressa uppá hverslagsleikann og er uppskrift að frábæru kvöldi með góðum mat. Strikið undirbýr en viðskiptavinurinn fær heiðurinn af matreiðslunni," segir Heba og getur þess einnig að Strikið og Bryggjan eru í samstarfi við leigubílstjóra á Akureyri um keyrslu á heimsendingunum fyrir þá sem vilja gegn föstu 1.500 kr. gjaldi.

„Á Bryggjunni höfum við í þau 12 ár sem við höfum selt okkar vinsælu eldbökuðu pizzur verið með take away og því þurfti ekki eins mikið að aðlaga sig þar en við bættum við 20% afslætti af öllum okkar matseðli."



■ Steikurnar standa alltaf fyrir sínu.



■ Girnilegur eftirréttur Striksins.

Gourmet körfur og gjafabréf

Jólagjafir má líka kaupa á Strikinu því meistarakokkarnir í eldhúsi veitingastaðarins hafa framleitt og pakkað alls kyns góðgæti sem sett er í skemmtilegar gjafakörfur fyrir jólin. „Í boði eru tvær stærðir af körfunum, gourmet karfa og lúxus karfa," segir Heba.

Strikið og Bryggjan selja einnig gjafabréf sem gildir á báðum stöðum en til jóla fylgir 2.500 kr. ávísun með hverju 10 þúsund króna gjafabréfi.

„Og síðast en ekki síst eru tvær útfærslur af gjafabréfum í okkar mjög svo vinsæla helgarbröns. Strikið byrjaði með brönsinn haustið 2019 og hann sló algjörlega í gegn en við bjóðum gjafabréf í bröns Striksins, bæði með og án drykkja. Þarna fæst mjög mikið fyrir peninginn og er virkilega góð jólagjöf. Þrátt fyrir að vel gangi við þessar breyttu aðstæður þá verð ég samt að segja að við bíðum líkt og börn eftir jólunum eftir því að þessu létti og við fáum að fara að stjana við okkar frábæru viðskiptavini á nýjan leik."


Þess má að lokum geta að Strikið fagnar 15 ára afmæli þann 22. desember sem Heba segir að fagnað verði með viðeigandi hætti þegar aðstæður leyfa.

strikid.is
bryggjan.is

MOTUL EVO

Átt þú sjálfskiptan bíl?

Hvenær þarf að skipta um olíu á sjálfskiptingunni?



Á Íslandi búum við við einkar erfiðar aðstæður, álags- og veðurfarslegar sem hefur áhrif á líftíma olíunnar á bílnum okkar.

Við hjá Bílatorgi bjóðum uppá sérhæfða þjónustu er kemur að því að skipta um olíu og hreinsa sjálfskiptibúnaðinn. Með MotulEvo tækninni getum við skipt 100% um alla olíuna og hreinsað sjálfskiptibúnaðinn.

Ný olía eykur endingu skiptingarinnar, eykur þægindi við akstur og hefur jákvæð áhrif á eyðslu og mengun.



Hugsum vel um umhverfið okkar, vönduð olía, minni mengun.

BÍLATORGIÐ AKUREYRI

BÍLATORGIÐ DALSBRAUT 1 600 AKUREYRI SÍMI 464-2121



■ Eydís Ólafsdóttir hannaði jólalínu Vorhús í ár sem ber nafnið Einiber. Það nafn vísar í gamlar íslenskar heiðir þegar jólatré voru skreytt einiberjum.



■ Jólakakan fer vel á fallega rauðu bretti úr jólalínunni.

Jólin í ár eru tileinkuð einiberjum

Ný jólalína hefur litið dagsins ljós í Vorhús eftir Eydísi Ólafsdóttur hönnuð og einn af eigendum fyrirtækisins. Vörulínan heitir Einiber og er vísun í gamlar íslenskar heiðir þegar jólatré landsmanna voru skreytt einiberjum. „Fallegir heimilismunir tengdir jólum hafa ávallt verið vinsæl vara í jólapakkana. Fólk vill gjarnan skipta út hversdagslegu hlutunum fyrir hátíðlegri hluti. Jólalínan okkar hefur alltaf verið mjög vinsæl og það er líka raunin í ár," segir Eydís.

Einir er eina upprunalega sígræna barrtré Íslendinga og var hann því notaður til að búa til og skreyta íslensk jólatré áður fyrr. „Göngum við í kringum einiberjarunn," segir í laginu og enn á ný prýða einiberin heimili landsmanna.



■ Einiberjakrans.

Tilbúnar jólagjafir létta mörgum sporin

Vorhús býður upp á fjölmarga tilbúna jólapakka í ár og hefur því verið afar vel tekið hjá landsmönnum en í vefverslun Vorhús á vorhus.is er hægt að velja úr fjölda fjölbreyttra jólapakka. Þá afhendist gjöfin innpökkuð, með merkimiða og er tilbúin til afhendingar.

„Á þessum erfiðu tímum eru margir mikið heima og fara kannski lítið í verslanir. Við töldum okkur því geta komið betur til móts við okkar viðskiptavini með því að bjóða aukna þjónustu og sendum nú allar pantanir í heimsendingu. Við getum líka sent pantanir beint heim til viðtakanda, tilbúna pakka undir jólatréð með handskrifaðri kveðju frá gefanda," segir Fjóla Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Vorhús og eigandi.

„Við settum saman fjölbreytta pakka á breiðu verðbili sem henta vel til jólagjafa. Einn vinsælasti pakkinn inniheldur viskastykki og servíettu en einnig hafa handklæðasettin rokið út," segir Sigríður Haraldsdóttir, hönnunarstjóri Vorhús og eigandi.

Opið er alla virka daga í verslun Vorhús að Hafnarstræti 71 á Akureyri kl. 11-17 og á laugardögum kl. 11-14. Vefverslun er opin allan sólarhringinn á vorhus.is og verslunin býður upp á fría heimsendingu innan Akureyrar og einnig um land allt ef verslað er fyrir meira en 4000 kr.

vorhus.is



■ **Að fullorðnast er eins og að kaupa galakjól af AliExpress fyrir mikilvægan viðburð!**

Fullorðin í Samkomuhúsinu

Leikfélag Akureyrar stefnir á að frumsýna leikritið Fullorðin um leið og sóttvarnareglur leyfa. Fullorðin er sprenghlægilegur gamanleikur um það skelfilega hlutskipti okkar allra að verða fullorðin og misheppnaðar tilraunir okkar til að sannfæra aðra um að við séum það. Leikarar eru Árni Beinteinn, Birna Pétursdóttir og Vilhjálmur Bragason, en þau eru einnig höfundur þess ásamt listræna teyminu.

„Þessi sýning fjallar um væntingar vs. raunveruleika fullorðinsáranna. Að fullorðnast er eins og að kaupa galakjól af AliExpress fyrir mikilvægan viðburð. Myndin af kjólnum er glæsileg en svo færðu hann í hendurnar og hann reynist líta út eins og notað hárnet úr eldhúsinu á Greifanum. Og þú átt ekkert annað til að fara í," segir Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir, leikstjóri sýningarinnar.

Í listræna teyminu eru auk Heklu Elísarbetar þau Auður Ösp Guðmundsdóttir, leikmyndahöfundur, Björg Marta Gunnarsdóttir, búningahöfundur, Ólafur Ágúst Stefánsson, ljósahönnuður en aðstoð við leikmynd og búninga er í höndum Jasmina Wojtyla.



Ný fráveituhreinsistöð Norðurorku komin í notkun

Stærsta framfaraspor Akureyrar í fráveitumálum

Nýja hreinsistöðin er mjög stórt skref fyrir Akureyri. Með henni næst loks að uppfylla kröfur í fráveitumálum og við erum með þessu komin með fráveitumálin á sama stað og höfuðborgarsvæðið," segir Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku hf. um nýja fráveituhreinsistöð sem fyrirtækið hefur verið með í byggingu síðustu misseri og fór í fullan rekstur á dögunum. Stöðin er í Sandgerðisbót og er ein af stærstu hreinsistöðvum landsins. Hún kostaði um einn milljarð króna. Gísli-arkitekt ehf. á Akureyri hannaði húsið en verkfræðistofan EFLA annaðist verkfræðihönnun. Verktaki var SS-Byggir hf. Framkvæmdir hófust snemmsumars 2018.



■ **Ný fráveituhreinsistöð Norðurorku í Sandgerðisbót er komin í notkun. Þriggja millimetra síukerfi stöðvarinnar sigtar allt fast og gróft efni frá fráveituvatninu áður en það rennur í sjó. Mörgum bæjarbúum kunna að þykja þakgluggarnir kunnuglegir að formi til en þetta form var á þakgluggum Sambandsverksmiðjanna á Akureyri á sínum tíma. Gluggarnir eru ekki tilviljun í þessu tilviki því í uppfyllingunni sem hreinsistöðin stendur á eru einmitt steypubrot úr veggjum gömlu verksmiðjuhúsanna.** Mynd: Norðurorka/Auðunn Níelsson

Kostnaður um milljarður króna

Forsögu byggingar hreinsistöðvarinnar má rekja allt aftur til ársins 1991 þegar bæjarstjórn Akureyrar réði norskt verkfræðifyrirtæki til að hanna framtíðarfyrirkomulag fráveitukerfis bæjarins. Þeim línum sem þá voru lagðar hefur síðan verið fylgt í uppbyggingu kerfisins en einn stærsti áfangi þess var bygging hreinsistöðvar sem nú er loks orðin að veruleika. Norðurorka hf. yfirtók fráveitu bæjarins í ársbyrjun 2014 og voru þá hugmyndir um byggingu hreinsistöðvar endurmetnar, stöðin hönnuð og síðan ráðist í byggingu hennar.

Framkvæmdin var matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og var matsskýrsla unnin og lögð fyrir Skipulagsstofnun. Hún skilaði umsögn í byrjun árs 2017 þar sem sagt var að áhrif stöðvarinnar á landnotkun og viðtaka, þ.e. Eyjafjörð, væru almennt jákvæð enda þýðir tilkoma stöðvarinnar að skólpi er ekki lengur veitt óhreinsuðu frá Akureyri í fjörðinn. Hreinsistöð Norðurorku er fyrsta hreinsistöð landsins sem er byggð að undangengnu sérstöku umhverfismati.

Hugsað til framtíðar

Stöðin er svokölluð fyrsta þreps hreinsun sem þýðir að allir fastir hlutir í fráveituvatni eru síaðir frá með þriggja millimetra þrepasíun. Helgi segir að fasta efnið sé síað frá, því pakkað og að lokum er það flutt til urðunar á viðurkenndum urðunarstað.

„Viðtaki skólpvatnsins eftir hreinsunina er Eyjafjörðurinn og frá stöðinni eru tvær útrásir. Annars vegar 400 metra aðal útrás sem fer á 40 metra dýpi og hins vegar svokölluð álagsútrás sem er 90 metrar og nýtist við toppálag vegna hárrar sjávarstöðu sem og ef stöðin verður einhverra hluta vegna óvirk tímabundið. Þó Eyjafjörðurinn sé okkur hagstæður þar sem vatnsskipti í honum öllum eru á 9 daga fresti, þá er mikið ánægjuefni að þeim áfanga hafi nú loks verið náð að fráveituvatn Akureyrar fari hreinsað út í fjörðinn," segir Helgi og vekur í þessu sambandi einnig athygli á að til að spara raforku er stöðin þannig útfærð að fráveituvatnið er sjálfrennandi í útrásunum í stað þess að því sé dælt með tilheyrandi búnaði, orkunotkun og rekstrarkostnaði. Síubúnaður stöðvarinnar er einnig hannaður með það fyrir augum að í framtíðinni sé mögulegt að lyfta honum upp eftir því sem sjávarstaða hækkar.

Meðal rennsli um hreinsistöðina er áætlað um 350 lítrar á sekúndu en stöðin er byggð fyrir rúmlega tvöfalt meira rennsli svo að horft er til langrar framtíðar. „Hluti af þessari framtíð er líka að byggja upp tvöfalt fráveitukerfi í öllum bænum, þ.e. að regnvatn og ofanvatn fari í sérstakt kerfi en ekki í fráveitukerfið. Við erum með tvöfalt kerfi í nýrri hverfunum en markmiðið er að eftir því sem götur eru endurnýjaðar í eldri hverfum þá verði þetta vatn tekið í sér kerfi og þannig verði dregið úr álaginu á fráveitukerfið sjálft. Í framtíðinni verður eflaust einnig hugað að hreinsun á regn- og yfirborðsvatninu áður en það fer út í sjó og á lóðinni í Sandgerðisbót höfum við rými til að koma fyrir frekari hreinsun á fráveituvatninu, ef til kæmi," segir Helgi.

no.is

Gjafabréf í Eyjafjarðarsveit

Fjölbreytt jólagjöf













Kynnið ykkur Gjafabréf í Eyjafjarðarsveit neðst á www.esveit.is

463-0600 / esveit@esveit.is

Verslanir Centro Hafnarstræti 97 og á Glerártorgi

Kjólar og kósýgallar fyrir jólin

Við byrjuðum að vinna að uppbyggingu netverslunar okkar á síðunni www.centro.is í upphafi ársins og faraldurinn hefur flýtt þeirri þróun enn frekar. Við erum með fjölda fylgjenda á Facebook og Instagram, setjum alla daga inn myndir af nýjum vörum. Á kvöldin situr fólk um allt land heima í stofu við sjáinn, skoðar og klárar kaupin rafrænt. Aðrir bíða við dyrnar þegar við opnum á morgnana, með mynd af flíkinni í símanum til að máta og kaupa. Þetta sýnir hversu miklu máli netþjónusta við viðskiptavini skiptir til að ná góðum árangri í verslun í dag," segir Vilborg Jóhannsdóttir í tísku-versluninni Centro.



■ Vilborg Jóhannsdóttir í Centro segir verslunina sjaldan hafa verið með annað eins úrval af fallegum kjólum.



■ Skemmtileg jólaskreyting fyrir framan verslun Centro við Hafnarstræti.

Jólagjöf dömunnar

Vilborg segir að metsumar hafi verið hjá fyrirtækinu og haustið verið gott í verslun allt þar til fjöldatakmarkanir urðu íþyngjandi. Nú er jólaverslunin tekin við og segir hún Centro verslanirnar við Hafnarstræti og á Glerártorgi fullar af vörum.

„Kósýgallar eru alveg að slá í gegn og eru vinsælir í jólapakkana. Þá eigum við í fjórum litum og allt frá stærð small upp í 3XL. Þessa galla verða allar konur að eiga um jólin," segir Vilborg og bætir við að kjólar hafi aldrei veið vinsælli. „Úrvalið hefur sjaldan verið meira af kjólum í Centro en núna."

Af vinsælum merkjum í kvenfatalínunum í Centro nefnir Vilborg Prepair sem eru glæsilegar og vandaðar danskar vörur; blússur og kjólar í stærðum Xsmall-XXL. Frá dönskum framleiðendum býður Centro m.a. gæðamerkin mbyM, Nümph og Bruuns Bazaar en auk þess blandað úrval af breskum og frönskum vörum.

Úrval, góðar stæðir og sanngjarnt verð

„Við erum einnig með glæsilegt úrval af skóm, skarti og fylgihlutum á góðu verði. Áhersla Centro er á að vera með fatnað, skó og fylgihluti fyrir dömur í góðum stærðum og á sanngjörnu verði. Við höfum verið að í þessum rekstri í 30 ár, höfum alltaf handvalið okkar línu í vöruúrvali og flutt stærstan hluta af okkar vörum beint inn. Þrátt fyrir allar aðstæður gengur það mjög vel, bæði samskipti við birgja erlendis og flutningar. Viðskiptavinir okkar njóta þess ekki síst núna hversu traust sambönd við höfum við okkar birgja og það skilar sér í því að við erum að taka upp nýjar vörur nær daglega. Við bjóðum viðskiptavini velkomna í Centro í Hafnarstræti 97, á Glerártorgi eða í netverslunina sem er opin allan sólarhringinn. Upplagt að versla heima í stofu og við sendum vörurnar heim, hvert á land sem er," segir Vilborg.

centro.is



Þú færð laufabrauðið hjá okkur







Við hjálpum þér við jólaundirbúninginn

Verið velkomin í Kristjánsbakarí - við tökum vel á móti þér

KRISTJÁNS BAKARÍ

Opnunartími

Hrísalundi 3
Mán til fös: 07:30 - 17:30
Laug til Sun: 07:30 - 16:00

Hafnarstræti 108
Mán til fös: 08:00 - 17:00
Laug: 08:00 - 16:30
Sun: 09:00 - 16:30


www.braudgerd.is

Bílatorgið við Dalsbraut

Sérhæfður búnaður frá Motul til olíuskipta á sjálfskiptingum



■ Starfsmenn Bílatorgsins fræðast um notkun á Motul EVO.



■ Það borgar sig alltaf að hugsa vel um bílinn og skipta reglulega um olíur.

Bílar eru í dag eru mun betri en þeir voru þegar ég var að byrja í bíliðngreininni fyrir 25 árum enda talsvert öðruvísi. Það er meiri búnaður í þeim, tölvubúnaður og margt annað til þæginda en að sama skapi eru viðgerðir og viðhald sérhæfðari en áður var. Bilanirnar í dag snúast meira um rafmagn og stundum getur verið flókið að finna þær," segir Svavar Sigurður Eyþórsson, bifvélavirki og framkvæmdastjóri Bílatorgsins ehf. við Dalsbraut. Verkstæðið er með alhliða viðgerðarþjónustu fyrir bifreiðar, rekur hjólabarðaþjónustu og Motul smurþjónustu.

Hreinsa alla gamla olíu af sjálfskiptingunum

Fimm starfsmenn eru hjá Bílatorginu og þrír þeirra eru eigendur fyrirtækisins sem orðið er sjö ára gamalt. Svavar er einn stofnenda og segir hann bifreiðaeigendur almennt mjög hirðusama um bíla sína og gæta þess að koma með þá í smurþjónustu á réttum tíma. Bílatorgið varð strax við stofnun sérhæft smurþjónustuverkstæði með smurolíum frá Motul sem er heimsþekktur framleiðandi á smurolíum fyrir allar gerðir vélbúnaðar. Bílatorgið er eitt fárra verkstæða á landinu sem er með Motul EVO, sérhæfðan vélbúnað frá Motul sem notaður er til að skipta um olíur á sjálfskiptingum.

„Þetta er tæki sem tengt er við sjálfskiptinguna og sér til þess að tæma tryggilega af henni alla gamla og slitna olíu. Þegar skipt er um olíu á sjálfskiptingum með hefðbundum hætti verður talsvert magn af gömlu olíunni eftir í síum og öðrum búnaði. Með þessu tæki komum við í veg fyrir það og tryggjum að nýja olían sem við setjum á sjálfskiptinguna heldur 100% gæðum strax í upphafi og þar af leiðandi smureiginleikum sínum betur og lengur," segir Svavar.

Lykilatriði að nota réttar olíur

Reglubundin smurþjónusta er eitt af lykilatriðum í góðri umhirðu bifreiða og segir Svavar að notkun á réttum olíum, sem framleiðendur bílvéla gefa fyrirmæli um, skipti öllu máli. „Það er vandalaust að skemma vélar með því að nota ekki réttar olíur. Frá Motul fáum við allar gerðir af olíum sem notaðar eru á bíla í dag og þetta eru gæðaolíur sem eru í stöðugri þróun. Sem þjónustuaðilar á Motul-olíum sækjum við bæði námskeið erlendis hjá framleiðandanum og einnig fáum við heimsóknir og námskeið hér heima. Þannig tryggjum við sem besta þjónustu á þessu sviði við bíleigendur," segir Svavar.

Alla jafna segir hann að þegar nær dregur jólahátíðinni hægist um á verkstæðinu en gjarnan sé mikið að gera strax eftir áramót. „Þetta ár hefur verið með ágætum, fólk var mikið á ferðalögum í sumar og þá þurfti bæði að yfirfara bíla fyrir sumarferðalögin og í sumum tilfellum að kippa einhverju í lag þegar heim var komið," segir Svavar.

bilatorgid.is
motul.is

Við erum á leiðinni á toppinn!

Ný og frábær stólalyfta verður tekin í notkun eftir áramótin. Hún fer með þig hærra í skíðaparadísina í Hlíðarfjalli.









Vetrarkort

10.500 kr. afsláttur fram að opnun skíðasvæðisins

Kíktu á **miðasöluvefinn** á hlidarfjall.is





Hlíðarfjall Akureyri

Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is

Fylgstu með *Hlíðarfjall Akureyri* á facebook

Akureyrarbær



■ Lyfjafræðingarnir Jónína Freydís Jóhannesdóttir og Gauti Einarsson stofnuðu Akureyrarapótek fyrir réttum 10 árum.

Akureyrarapótek 10 ára

Opið 3700 daga í röð!

Fyrir stuttu fagnaði Akureyrarapótek í Kaupangi tíu ára afmæli en það var fyrst opnað laugardaginn 13. nóvember árið 2010. Apótekið hefur þá sérstöðu að hafa opið alla daga ársins. „Akureyringar hafa verið mjög þakklátir fyrir þessa þjónustu," segir Jónína Freydís Jóhannesdóttir hjá Akureyrar apóteki.

Opið alla daga

Akureyrarapótek er líka opið á helgidögum þegar lokað er hjá flestum öðrum. Með öðrum orðum hefur Akureyrarapótek því verið opið í tæplega 3700 daga í röð!

Akureyrarapótek leggur mikið upp úr því að þjónustan sé eins og best verður á kosið. „Við höfum útbúið lítinn krók fyrir yngstu gestina þar sem þeir geta teiknað og litað. Við geymum meira að segja allar myndir sem eftir verða. Eldri gestirnir geta tyllt sér og fengið sér kaffi," segir Jónína.

Heimsending og pöntun símleiðis

Hún segir mikið um að fólk nýti sér heimsendingu á lyfjum og einnig er nokkuð um að það panti lyfin símleiðis. „Þá getum við haft þau tilbúin þegar fólk mætir í hús til að sækja lyfin. Við bjóðum fólki einnig að borga lyfin þegar það pantar símleiðis svo það þurfi að eyða sem minntumst tíma úti við," segir Jónína og hefur það fyrirkomulag mælst vel fyrir í núverandi ástandi.

Hún segir mikinn kost fyrir apótekið að þar starfi tveir lyfjafræðingar sem sjá um rekstur þess og skipti með sér verkum en eigendur fyrirtækisins eru Jónína og Gauti Einarsson sem bæði eru lyfjafræðingar.

„Við ræðum um allar ákvarðanir sem eru teknar, vegum kosti og galla áður en við framkvæmum. Það hjálpar okkur að sjá hlutina í réttu ljósi og jafnvel getur ákvörðun sem var góð í byrjum orðið engu þegar búið er að fara nokkrum sinnum í gegnum kosti og galla. Við skiptum líka með okkur fríum og pössum þannig upp á hvort annað," segir Jónína.

akureyrarapotek.is

Leikfélag Menntaskólans á Akureyri

Söngleikur með tónlist 200.000 naglbíta

Hjartagull, nýr söngleikur byggður á tónlist hljómsveitarinnar 200.000 naglbíta, verður frumsýndur í Hofi í mars á næsta ári og er það Leikfélag Menntaskólans á Akureyri sem stendur fyrir sýningunni. Höfundur verksins og leikstjóri er Aron Martin Ásgerðarson og Egill Andrason er aðstoðarleikstjóri.

„Þegar ég las póstinn frá leikfélaginu fékk ég gæsahúð," segir Vilhelm Anton Jónsson, Naglbítur, um það hvernig honum varð við þegar hann heyrði af þessari hugmynd. „Við erum virkilega spenntir fyrir þessu. Það verður gaman að sjá sýninguna og líka að sjá aðra flytja lögin okkar og í nýju samhengi. Þetta er mikill heiður og okkur þykir mjög vænt um þetta," bætir hann við.

Söngleikurinn fjallar um Míó sem er frekar útundan í lífinu. Áhorfendur fá að fylgjast með henni takast á við heiminn og hana sjálfa. „Það er geggjað að sjá hvernig þau hafa lesið textana og séð sögurnar í þeim og bætt svo sínu við. Ég get ekki beðið eftir að mæta norður og sjá sýninguna," segir Vilhelm.



■ **Hljómsveitin 200.000 naglbítar frá Akureyri.**

Alls munu um 70 nemendur Menntaskólans á Akureyri koma að sýningunni. Sunneva Kjartansdóttir og Birta Ósk þórólfsdóttir semja alla dansana. Íris Orradóttir og Jóhanna Rún Snæbjörnsdóttir eru tónlistarstjórar. Þær útsetja tónlistina og stjórna 12 manna hljómsveit sem mun flytja lögin á sviðinu í sýningunni.

FÉLAGAR Í FÉLAGI VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS ATHUGIÐ:

Ert þú í réttu **stéttarfélagi?**

FVSA
90 ára 1930–2020
FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

Síðasti skiladagur vegna styrkja 2020

Vekjum athygli á að skila þarf gögnum til félagsins vegna styrkja úr sjúkrasjóði og starfsmenntasjóði í síðasta lagi **27. desember nk.**

Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar og færist sem styrkur 2021.

Þeir sem fengu úthlutað orlofsstyrk vegna 2020 þurfa einnig að skila inn gögnum í síðasta lagi **27. desember** ef þeir ætla að nýta styrkinn, annars fellur hann niður.

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Skipagötu 14
600 Akureyri

Sími 455 1050
fvsa@fvsa.is

Afgreiðslan er opin
mán–fim kl. 8–16
og fös kl. 8–13

www.fvsa.is

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni 90 ára

„Stoltur af störfum verslunarfólks í faraldrinum“

Þegar ég lít yfir sögu félagsins þá staldra ég fyrst við hversu áberandi konur hafa alltaf verið innan félagsins og í trúnaðarstörfum á vegum þess. Til dæmis hafa konur verið samfleytt í formennsku í 36 ár af síðustu 40. Fá stéttarfélög státa af þeim árangri á jafnréttissviðinu,“ segir Eiður Stefánsson, formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni en félagið fagnaði 90 ára afmæli þann 2. nóvember síðastliðinn.

Konur í meirihluta félagsmanna

Þó félagsmenn FVSA starfi í ýmsum starfsgreinum þá eru enn þann dag í dag djúpar rætur í verslunargeiranum. Fyrstu árin voru erfið hjá Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri, fáir félagsmenn og félagið hafði enga aðstöðu né tekjur. Það var ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöldina eða uppúr 1946 að félagið fór að vaxa og má það rekja til frétta frá Reykjavík að Verslunarmannafélag Reykjavíkur hafði undirritað kjarasamning við verslunareigendur um kjör félagsmanna í VR. „Þetta varð til þess að Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni hóf undirbúning að samskonar kjarasamningi fyrir sína félagsmenn. Upp frá þessu má segja að FVSA hafi orðið alvöru stéttarfélag og kraftur í starfsemi þess aukist til muna. Verslunum tók líka að fjölga í bænum og það skilaði félaginu líka auknum krafti,“ segir Eiður en félagsmenn FVSA eru í dag 2.300 talsins og eru konur í meirihluta eða um 60%.

Tækniþróun gjörbreytir verslunarstörfum

Verslunar- og skrifstofustörf hafa á undanförnum árum breyst gífurlega vegna tækniþróunar. Eiður segir fyrirsjáanlegt að hún muni halda áfram af fullum þunga. Mikilvægara sé sem aldrei fyrr að stéttarfélög fylgist náið með og gæti hagsmuna félagsmanna við þessar aðstæður. Samþjöppun í verslun hafi aukist með tæknivæðingunni, þeir stóru verði enn stærri og ráði enn meiru. Dæmi um það megi sjá úti í hinum stóra heimi þar sem vefrisinn Amazon hafi stækkað um tugi prósenta í faraldrinum.

„Við höfum farið úr því að vera með verslanir þar sem allar vörur voru afgreiddar yfir borðið til viðskiptavina yfir í tæknivæddar verslanir dagsins í dag, töluvutengdar verðmerkingar á hillum og strikamerkingar á vörum í stað þess að afgreiðslufólkið þurfi að slá inn verð á hverri vöru. Sjálfsafgreiðslukassar eru að aukast jafnt og þétt og þess verður væntanlega ekki langt að bíða að við sjáum verslanir þar sem öll afgreiðsla á vörum verður vélræn. Starf verslunarfólksins snýst þá eingöngu um að fylla á vörukerfið. Við Íslendingar erum tæknivædd þjóð, tileinkum okkur tæknina hratt og þar af leiðandi er þessi veruleiki nær okkur en við höldum. Covid-19 ýtir enn frekar undir þetta að mínu mati og við munum í auknum mæli kaupa á netinu, ganga frá matarinnkaupunum fyrirfram og þurfum þá bara að sækja pokann með matvörunum í stað þess að safna þeim saman sjálf inni í búðinni,“ segir Eiður.



■ **Eiður Stefánsson, formaður Félags verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.**

Framlínufólk á faraldurstímanum

Áhrif kórónuveirufaraldursins hafa verið mikil á störf verslunarfólks sem hefur þurft að vinna sína vinnu við erfiðar aðstæður og áhættusamar með tilliti til smithættu.

„Verslanir hafa almennt gert vel í því að verja starfsfólkið gagnvart smitum og mér finnst okkar félagsmenn í verslun hafa staðið sig frábærlega vel í þessum aðstæðum. Ég er mjög stoltur af þeirra störfum enda er þetta framlínufólk sem hefur séð til þess að við höfum þrátt fyrir faraldurinn og allar takmarkanir getað fengið nauðsynjavörur á hverjum degi. Störf þessa fólks hafa skipt miklu máli,“ segir Eiður.

Faraldurinn gerði að verkum að ekki var hægt að efna til mannfagnaðar í tilefni 90 ára afmælisins en sett var upp sögusýning á Glerártorgi nú í nóvember og er efni hennar aðgengilegt á vef félagsins. Tíminn verður að leiða í ljós hvenær tækifæri gefast til að fagna afmælinu frekar en í tilefni af því gaf FVSA þrjár peningagjafir, þ.e. til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis, Mæðrastyrksnefndar og Kvennaathvarfsins á Akureyri, eina milljón til hvers aðila.

Loks er að geta 90 ára sögu félagsins sem rituð var að Jóni Þ. Þór, sagnfræðingi en bókin verður innan skamms aðgengileg sem rafbók og hljóðbók á vef félagsins.

fvsa.is



JANUS
NORWAY
since 1895

Frí heimsending
ef pantað er fyrir 5.000 kr eða meira.

HLÝLEGAR JÓLAGJAFIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Ullarkistan
ullarkistan.is

Skeifunni 3b - Laugavegi 25 - Glerártorgi

Vel menntaður mannauður góð fjárfesting

Tæknilega séð og það að takast á við þessar miklu áskoranir hefur gengið alveg ótrúlega vel. Það að við höfum þessa miklu reynslu af fjarnámi hefur gert okkur þetta auðveldara. En á sama tíma lærum við auðvitað hversu mikilvæg mannleg samskipti eru. Þetta hafa verið mjög áhugaverðir tímar sem að í heildina hafa gengið mjög vel en verða vissulega eitthvað sem við hlökkum öll mikið til að komast út úr," segir Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, um árið hingað til.

50% fjölgun nemenda á sex árum

Nemendum í Háskólanum á Akureyri hefur fjölgað um rúmlega 50% frá árinu 2014. Haustið 2020 stefndi í að einungis annar hver sem sótti um nám hjá HA kæmist að. Það var hins vegar ósk stjórnvalda að sem flestir gætu hafið nám og að til þess yrði háskólunum tryggt fjármagn. Eyjólfur vonar að stjórnvöld standi við sinn hluta. „Ekki bara á næsta ári. Það er alveg ljóst að það verður mikil ásókn í háskólana strax næsta vor og við verðum þá með þessa nemendur sem eru núna hjá okkur næstu þrjú árin að minnsta kosti," útskýrir Eyjólfur.

Þannig er mikilvægt að háskólarnir fái tækifæri til að sinna sínum nemendum. Útskrifaðir sem sérfræðingar geti þeir svo tekið þátt í því að efla sínar greinar. „Það er ekkert betra til að móta þá sýn heldur en að vera með mjög vel menntaðan mannauð. Fólk sem hefur góða stjórnunarlega- og vísindalega þekkingu til að komast að niðurstöðu um hvað sé gott fyrir okkur að gera í einni grein sem og öðrum. Þannig að þetta væri gríðarlega góð fjárfesting fyrir samfélagið í heild sinni," segir Eyjólfur.

Breytingar eftir faraldurinn

Eyjólfur segist ekki sjá hvaða reynslu megi læra af frá þessu tímabili til frambúðar þó hann hafi sínar hugmyndir um það. „Þetta er upphafið að þessari risastóru breytingu sem mun verða í framtíðinni. Þegar kemur að hugmyndum og hugverki þá er staðsetning einstaklingsins ekki það mikilvægasta. Þarna held ég að heimurinn sé að læra á hraða sem er býsna mikill og muni reynast mörgum erfiður eftir Kóvið að átta sig á: Hvað er varanleg breyting og hvað er eitthvað sem við gerðum bara út af Kóvinu, munum við spyrja okkur," segir Eyjólfur.

Að lokum sendir rektor Háskólans á Akureyri bestu hátíðarkveðjur til allra landsmanna og þakkar fyrir góðan stuðning við starfsemi skólans.

unak.is



■ Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri.

Benedikt búálfur frumsýndur á næsta ári

Leikfélag Akureyrar, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, setur á svið hinn ævintýralega og vinsæla fjölskyldusöngleik Benedikt búálf eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson í Samkomuhúsinu. Söngleikurinn verður frumsýndur í febrúar 2021.

Sýningin er byggð á samnefndum bókum eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson og fjallar um vinina Benedikt búálf og Dídí mannabarn og ferðalag þeirra um Álfheima. Með hlutverk Benedikts fer Árni Beinteinn Árnason en aðrir leikarar eru Björgvin Franz Gíslason, Valgerður Guðnadóttir, Kristinn Óli Haraldsson, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Hjalti Rúnar Jónsson og Birna Pétursdóttir.



Benedikt búálfur og Dídí mannabarn fara í ævintýraför um Álfheima.

Söngleikurinn Benedikt búálfur var fyrst settur upp árið 2002 í Loftkastalanum. Þá var það Björgvin Franz Gíslason sem fór svo eftirminnilega með hlutverk búálfsins, en hann fer núna með hlutverk álfakóngsins. „Ég er afskaplega spenntur að fá að snúa aftur í sýninguna um Bendikt búálf sem lifir enn góðu lífi enda frábær saga og frábærar tónsmíðar," segir Björgvin Franz.

Í listrænu teymi sýningarinnar eru Vala Fannell, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Karl Ágúst Úlfsson, Ólafur Gunnar Guðlaugsson, Auður Ösp Guðmundsdóttir, Andrea Gylfadóttir, Árni Sigurðsson, Ólafur Ágúst Stefánsson og Lee Proud.



Jólin mín - Arna Sif Ásgrímsdóttir

Opnar pakkana í náttfötunum


Við vorum aldrei með einhverjar hefðir. Það var alltaf bara sama rútínan. Við systkinin gengum frá eftir matinn og mamma fór svo yfir jólakortin áður en við opnuðum pakkana," segir Arna Sif Ásgrímsdóttir, knattspyrnukona í Þór/KA, um jólahefðirnar á sínu heimili í æsku.

Örnu Sif finnst jólin vera rólegri núna en þau voru áður fyrr. „Í fyrra vorum við mamma bara tvær og það var mjög notalegt. Við förum í kirkjugarðinn með kerti til pabba, í göngutúr með hundinn og mamma græjaði svo matinn. Síðan var það beint í náttföt og upp í sófa yfir góðri mynd. Einn og einn pakki opnaður á meðan," segir hún.

Arna Sif segir jólin vera góðan tíma fyrir knattspyrnufólk til þess að hvíla sig. „Það er fínt að fá smá frí yfir jólin, safna orku og mæta endurnærður þegar æfingar hefjast á ný. En mikilvægt að hreyfa sig með jólamatnum og hugsa vel um sig," segir knattspyrnukonan að lokum.



■ **Arna Sif og hundurinn Prins um síðustu jól.**





Full búð af gjafavöru
VELKOMIN Í VORHÚS
OPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN Á www.vorhus.is
Hafnarstræti 71 · Akureyri · opið virka daga 11-17 & 11-14 Laugardaga




Óskum Akureyringum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Bifreiðaverkstæðið
BAUGSBÓT
Frostagötu 1B-603 Akureyri
Sími: 462 7033 & 896 0373
BAUGSBÓT EHF. FROSTAGATA 1B, 603 AKUREYRI
KT. 430298-2169 VSK.NR. 57284

RAFEYRI
alltaf í stuði!

Brynja

Kjörís
ísbúðin
AKUREYRI
Geislagötu 10 og á Glerártorgi

Deloitte.

LINDEX

FROST

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

RIT FO RM

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

EINING-IÐJA

ÍSLENSK VERÐBRÉF
síðan 1987

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

KPMG

AUÐLINDIN

Leikfélag Verkmenntaskólans á Akureyri

Grease í Vasaleikhúsi VMA

Leikfélag Verkmenntaskólans á Akureyri stefnir á að frumsýna söngleikinn vinsæla Grease í febrúar. „Við náðum að hafa áheyrnarprufur í október áður en allt skall í lás. Í kjölfarið var valið í hlutverk og samlestur á fjarfundum," segir Pétur Már Guðjónsson, leikstjóri sýningarinnar og bætir við að mjög markviss og góð vinna hafi verið unnin hjá teyminu sem sér um sviðsmynd, búninga og annað slíkt.

Pétur segist vonast til þess að allur leikhópurinn geti hist í desember en það verði að koma í ljós. „Til stendur að vera sýnileg með atriði úr sýningunni á Glerártorgi á aðventunni og erum við að vinna við þann undirbúning ef opnast á þann möguleika," útskýrir Pétur.



■ **Mötuneyti Verkmenntaskólans verður breytt svið í söngleiknum Grease.**

Leikfélagið hefur áður nýtt sér samkomuhús á svæðinu til að setja upp sýningar en í þetta skipti verður sýningin í mötuneyti skólans sem breytt verður í leikhús. Það hefur fengið nafnið Vasaleikhúsið og munu nemendur sjálfir sjá um breytinguna.

Leikarar í sýningunni eru Jóhann Gylfi Jóhannsson, Dagbjört Nótt Jónsdóttir, Freysteinn Sverrisson, María Björk Jónsdóttir, Eyrún Arna Ingólfsdóttir, Emilía Marín Sigurðardóttir, Embla Björk Hróadóttir, Sveinn Brimar Jónsson, Kormákur Rögnvaldsson, Agnar Sigurðarson, Sigríður Erla Ómarsdóttir, Vala Alvilde Berg, Emilía Fönn Hafsteinsdóttir, Anna Birta Þórðardóttir, Katla Snædís Sigurðardóttir og Örn Smári Jónsson.




lindex.is
Náttföt frá
2599,-
Mjúkar gjafir.
Fyrir þig og mig.
LINDEX



Jólagjafabréf fyrir Vildarpunkta

Nú getur þú notað Vildarpunkta Icelandair til að kaupa jólagjafabréf hjá **Air Iceland Connect**. Þú velur einfaldlega hversu marga Vildarpunkta þú vilt nota í upphæðina, prentar gjafabréfið út og jólagjöfin er klár. Einnig er að hægt að kaupa jólagjafabréf með peningum.

airicelandconnect.is/gjafabref

Air Iceland Connect